

# Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Ytra mat á haustönn 2021



***Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið***

***Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurborg Matthíasdóttir***

Ytra mat á Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haustönn 2021

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hjördís Þorgeirsdóttir  
Sigurborg Matthíasdóttir  
Forsíðumynd Hjördís Þorgeirsdóttir  
ISBN 978-9979-0-2737-9

## Heildarniðurstöður

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum var stofnaður 1979 með samruna þriggja skóla í Vestmannaeyjum þ.e. Iðnskólans, Vélskólans og framhaldsdeildar Gagnfræðaskólans. Haustið 1997 varð Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum að sérstakri deild innan FÍV. Skólinn er áfangaskóli með tveimur námsönnum á ári. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám bæði bóknám og verknám. Í boði er þriggja ára nám til stúdentsprófs, vélstjórnarnám, iðnnám í málmgreinum, rafiðnum, múraraiðn og húsasmíði, sjúkraliðanám, nám á starfsbraut og framhaldsskólabrú. Alls stunda 231 nemandi nám við skólann á haustönn 2021, 199 í dagskóla og 32 í fjarnámi. Starfsfólk er alls 35, þar af 24 í kennslu.

Góðar upplýsingar eru á heimasíðu skólans um uppbyggingu námsins og skólanámskráin í einu PDF skjali með tenglum inn á námsbrautalýsingar og ýmis skjöl í gæðahandbókinni sem er til eftirbreytni.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari skipa yfirstjórn skólans og eru einu stjórnendurnir í fullu starfi. Skipurit skólans er skýrt og vel fram sett og gefur góða mynd af stjórnskipulagi. Litið er til skólameistara sem faglegs leiðtoga og nýtur hún traust og virðingar sem slík. Aðgengi starfsmanna og nemenda að stjórnendum er gott og öll samskipti virðast jákvæð og lipur.

Stefnumótun fer fram á skipulögðum fundum starfsfólks, árlegum skólafundi með nemendum, og skólanefndarfundum. Ekkert foreldraráð er starfandi við skólann svo lítið formlegt samband er við foreldra og þeir koma ekki að stefnumótun. Erfiðlega hefur gengið að halda úti foreldrafélagi. Finna þarf lausn á því svo foreldrar geti haft áhrif á stefnumótun og skólastarf. Nemendur koma ekki formlega að stefnumótun þó þeir eigi fulltrúa í skólanefnd og skólaráði. Úr því þyrfti að bæta. Formaður skólanefndar er ánægður með aðkomu skólanefndar að stefnumörkun og telur að nefndin sé vel upplýst um það sem er að gerast í skólanum og um framtíðaráform.

Engin starfsmannaviðtöl fara fram við skólann. Matsmenn hvetja því til þess að tekin verði upp regluleg starfsmannaviðtöl.

Starfsánægja og viðhorf til stjórnunar og stjórnenda er mæld árlega í könnuninni *Stofnun ársins*. Á heimasíðu má sjá að á árinu 2015 var skólinn hástökkvari ársins og frá 2017 annaðhvort fyrirmyndarstofnun eða stofnun ársins í sínum stærðarflokki. Almenn ánægja er með stjórnendum og stjórnun skólans.

Unnið er að innra mati með skipulögðum hætti þar sem kerfi byggt á stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) er nýtt til þess að fá yfirsýn, halda utan um niðurstöður og vakta veika punkta. Kerfið í heild er gott en í sumum þáttum vantar þó skýrari mælanleg viðmið. Nauðsynlegt er fyrir skólann að setja sér oftár sín eigin mælanlegu viðmið. Vinna við sjálfsmat er góð og sjálfsmatsskýrsla skólans er yfirgripsmikil og vel unnin en skýrslan sjálf er frekar flókin aflestrar. Mikið af góðum upplýsingum er í skýrslunni en erfitt að sjá hvernig þróun síðustu ára hefur verið.

Í skóladagatalinu á þessu skólaári er enginn greinarmunur gerður á milli kennsludaga og námsmatsdaga og er kennurum í sjálfsvald sett hvenær á önninni þeir hafa námsmatsdaga. Matsmenn telja skilvirkara að hafa samræmda námsmatsdaga.

Hátt hlutfall kennara 97% eru menntaðir í þeirri námsgrein sem þeir kenna við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum en nokkra vantar kennsluréttindi á framhaldsskólastiginu. Gera þarf aðlaðandi og aðgengilegt fyrir starfandi iðnmeistara að bæta við sig kennsluréttindum.

Allir kennarar taka þátt í starfi þróunarhópa, svokölluðum MAS hópum í skólanum og hittast kennarar vikulega á stuttum fundum til að ræða þróun skólastarfsins. Nú eru þróunarhópar starfandi með það að

markmiði að finna leiðir til að auka ábyrgð nemenda á námi sínu, finna leiðir til að auka virkni nemenda í námi sínu og að þróa fjarnámið. Mikil ánægja er með MAS hópana. Margir kennarar eru einyrkjar í sinni kennslugrein vegna smæðar skólans og samstarf við aðra framhaldsskólakennara því mikilvægt en þátttaka í faglegu samstarfi er þung vegna staðsetningar skólans og erfiðra samgangna yfir veturinn. Finna þarf leiðir til að auka tækifæri kennara til starfsþróunar.

Íþróttakademían er samstarfsverkefni milli Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og Íþróttabandalags Vestmannaeyja sem byrjaði fyrir níu árum. Nemendur sem æfa og keppa í meistaraflokki í handbolta og fótbolta stendur til boða að taka þátt í Íþróttakademíunni í fjórar annir og fá það nám metið sem áfanga í frjálsum vali á sinni námsbraut. Á haustönn 2021 eru 24 nemendur í Íþróttakademíunni. Þetta telja bæði starfsfólk og nemendur að styðji vel við forvarnarstarf skólans.

Skólabragurinn er góður og afslappað yfirbragð yfir öllum, nemendum og starfsfólki. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæði nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum. Fylgst er með líðan nemenda með Framhaldsskólalápinum sem lagður hefur verið fyrir á tveggja ára fresti. Í heild er líðan nemenda góð og ívið betri en mælist á landinu öllu. Engu að síður er alltaf einhver hópur sem þarfnast aðstoðar og því var ráðinn sálfræðingur í hlutastarf við skólann.

Mikið hefur verið lagt upp úr að skólahúsnæðið sé hlýlegt og að nemendur geti hreiðrað um sig í sófum víðs vegar um skólann. Þó starfsemi skólans sé dreifð á margar hæðir er starfsemi dreift þannig um skólann að á fyrstu fjórum hæðunum er líf og fjör. Gott aðgengi er að stjórnendum sérstaklega að skólameistara sem er með skrifstofu beint á móti stiganum sem tengir hæðirnar saman. Í skólanum er ekki mötuneyti en þar er matbúð sem opin er á morgnana. Þó stór hluti nemendaahópsins fari heim í mat þarf að huga að því að lengja opnunartímann fyrir þau sem gera það ekki og skoða hvort þörf er fyrir mötuneyti.

Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðu og telur að fljótt og vel sé brugðist við beiðnum um viðbót í tækjum eða lagfæringar á aðstöðu. Bókasafnið er ágætlega búið bókum og þar vinnur bókasafnsfræðingur, nemendum og kennurum til aðstoðar. Á bókasafninu er ein kennslustofa og vinnuherbergi sem nemendur geta nýtt til hópavinnu. Lýstu nemendur sérstakri ánægju með þessi vinnuherbergi sem þau nýta mikið. Húsgögn í kennslustofum eru flest ný og við endurnýjun var lögð áhersla á að þau væru hugsuð fyrir fjölbreyttar kennsluáferðir. Kennslustofur eru bjartar og vel búnar. Raungreinastofa er ágætlega útbúin til verklegrar kennslu í líffræði og efnafræði með tækjum, smásjám og stinkskáp. Tilraunastofu fyrir eðlisfræði vantar. Rafmagnsfræðistofa er einnig nokkuð vel útbúin og er í uppbyggingu. Aðstaða starfsbrautar er rúmgóð og björt. Þau hafa not af skólaeldhúsi sem mikið er nýtt við þjálfun í daglegum störfum. Núvitundar og jókastofa er til afnota fyrir nemendur og starfsfólk. Kennsla í verknámsgreinum er í velútbúnum stofum. Auk véla og tækja sem skólinn hefur fjárfest í hefur skólinn notið velvildar fyrirtækja sem gefið hafa vélar og styrkt kaup á sérhæfðum tækjum.

Brotthvarf hefur minnkað mikið á síðustu árum eða úr 5,5% á vorönn 2017 í 2,9% á vorönn 2021 og er það árangur af ýmsum aðgerðum sem skólinn hefur gripið til m.a. með því að auka stuðning við nemendur sem standa höllum fæti, bæta námsaðstöðuna og efla félagslífið.

Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar í öllu skólastarfinu og er einn grunnþáttur hafður í fyrirrúmi á hverju skólaári.

Skólinn hefur ekki gert kannanir á gengi útskrifaðra nemenda skólans í framhaldsnámi og starfi. Skólinn þarf nauðsynlega að bæta sem fyrst úr þessu og gera reglulega könnun á því bæði með gögnum frá Hagstofu Íslands og ítarlegri könnun sem nái til sem flestra útskrifaðra nemenda.

## Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður .....	2
Efnisyfirlit .....	4
Töflur.....	6
Myndir.....	7
Inngangur .....	8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum .....	10
Almenn lýsing .....	10
Námsframboð.....	10
Árlegur starfstími .....	12
Nemendur .....	13
Kennarar og annað starfsfólk .....	17
Niðurstöður ytra mats.....	19
Viðmið og vísbendingar.....	20
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	20
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	20
1.2. Um stjórnendur .....	21
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur.....	21
1.4. Um innra mat .....	22
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	23
2.1. Um nám og kennslu.....	23
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur .....	24
2.3. Um námsmat.....	24
2.4. Um kennara.....	24
2.5. Um námsgögn .....	25
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	26
3.1. Um skólabrag .....	26
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	26
3.3. Um félagslíf nemenda.....	27
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	27
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	27
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	28

Þáttur 5: Lykilárangur.....	29
5.1. Um námsárangur.....	29
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	29
5.3. Um langtímaárangur.....	30
Greinargerð um ytra matið .....	31
Umfjöllun um stjórnun og skipulag.....	31
Stefnumótun.....	31
Stjórnskipan og stjórnendur .....	33
Innra mat .....	35
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	41
Nám, kennsla og námsmat .....	41
Kennarar .....	45
Námsgögn.....	46
Stuðningur við nemendur.....	47
Umfjöllun um samskipti og líðan .....	49
Skólabragur og líðan.....	49
Félagslíf nemenda .....	51
Önnur samskipti.....	52
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað .....	54
Húsnæði og búnaður.....	54
Umfjöllun um lykilárangur.....	58
Námsárangur .....	58
Grunnþættir menntunar.....	58
Langtímaárangur.....	59
Heimildir.....	61

## Tölur

Tafla 1 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir haustönn 2021.....	11
Tafla 2 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir haust 2017 - 2021 greind eftir kyni.....	11
Tafla 3 Fjöldi nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum 2017 – 2021.....	13
Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum eftir kyni að hausti frá 2017 – 2021.....	13
Tafla 5 Fjöldi nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni.....	14
Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum?.....	14
Tafla 7 Brotthvarf nemenda í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haust og vor skólaárin 2017 – 2021.....	15
Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum 2017 – 2021 á hverri námsbraut.....	15
Tafla 9 Námtími nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við brautskráningu 2017-2020.....	16
Tafla 10 Viðveruskráning nemenda á haustönn 2020 og vorönn 2021.....	17
Tafla 11 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum eftir kyni haustið 2021.....	17
Tafla 12 Menntun kennara við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum haustið 2021.....	18
Tafla 13 Starfsmannavelta Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2016 til 2020.....	18

## Myndir

Mynd 1 Skóladagatal Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2021-2022.....	12
Mynd 2 Skipurit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum .....	33
Mynd 3 Greining fyrir stefnumiðað árangursmat .....	36
Mynd 4 Úskýring á stöðu þátta í skorkorti Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum .....	36
Mynd 5 Flæðirit yfir mat á stöðugum umbótum samkvæmt verklagsreglum í gæðahandbók .....	37
Mynd 6 Skorkort Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum skólaárið 2020- 2021 .....	38
Mynd 7 Námsbrautir Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum .....	41
Mynd 8 Varaafstöð í vélasalnum í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum .....	56



## Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum sem fram fór á haustönn 2021. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Hjördísi Þorgeirsdóttur og Sigurborgu Matthíasdóttur sem matsmenn og eru þær jafnframt höfundar þessarar skýrslu.

Skýrslan skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegu upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður matsmanna, byggðar á mati á fimm tilgreindum matsþáttum samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat á framhaldsskólum. Við matið er tekið mið af lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og reglugerða eftir því sem við á.

Í júní 2021 sendi Menntamálastofnun Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggir á viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um gæði skólastarfs. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnaði og aðbúnað og lykilárangur. Hverjum matsþætti eða hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins.

Helstu gögn sem notuð voru við ytra matið:

- Tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Þar má nefna upplýsingar um nemendur, námsframboð, brotthvarf, brautskráningar, starfsfólk, menntun kennara, starfstíma og skýrslur.
- Heimasíða skólans <https://www.fiv.is/> var könnuð og þangað sóttar ýmsar upplýsingar og gögn um skipulag skólans og starfsemi hans.
- Vettvangsheimsókn. Gengið um skólahúsnaðið í fylgd skólameistara.
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, aðstoðarskólameistara, ráðgjafa, fulltrúa forelda í skólanefnd og formann skólanefndar.
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við kennara, nemendur, starfsfólk sem sinnir skrifstofu, bókasafni, húsvörslu og fjármálum, umsjónarmann og stuðningsfulltrúa á starfsbraut, formann og fulltrúa úr stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa og að lokum við sjálfsmatshóp.

Viðmælendur voru tuttugu og sex talsins, sautján konur og níu karlar. Þar af var rætt við átta nemendur, fjóra karla og fjórar konur. Viðtölin og rýnihópaviðtölin fóru fram 26. og 27. október 2021. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma sem byggja á þeim 78 matsþáttum sem sjálfsmat skóla er grundvallað á.

Á grundvelli ofangreindra gagna fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má finna í greinargerð um matið síðar í skýrslunni.

Matsmenn þakka öllum þeim sem tóku þátt í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoðuðu með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn sem skýrslan byggir á eru í heimildaskrá aftast í matsskýrslunni.

## Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

### Almenn lýsing

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (FÍV) var stofnaður 1979 með samruna þriggja skóla í Vestmannaeyjum þ.e. Iðnskólans, Vélaskólans og framhaldsdeildar Gagnfræðaskólans. Haustið 1997 varð Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum að sérstakri deild innan FÍV. Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli með tveimur námsönnum á ári og er útskrift nemenda í lok hverrar annar. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám bæði bóknám og verknám. Í boði er þriggja ára nám til stúdentsprófs, vélstjórnarnám, iðnnám í málmgreinum, rafiðnum, múraraíðn og húsasmíði, sjúkraliðanám, nám á starfsbraut og framhaldsskólabrú.

Markmið skólans samkvæmt ársskýrslu er „í fyrsta lagi að nemendur verði að loknu námi virkir og ábyrgir einstaklingar svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu og að auki séu þeir vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám eða til þátttöku í atvinnulífinu. Í öðru lagi að bjóða fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Í þriðja lagi að skólaumhverfi og aðstaða nemenda og starfsfólks sé aðlaðandi, hvetjandi og styðjandi svo að skólastarfið verði árangursríkt með áherslu á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf“ (Ársskýrsla 2020).

Skólinn er til húsa að Dalavegi 2 í Vestmannaeyjum og er skólahúsnæðið 3.172 fermetrar og þar af er kennslurýmið 918 fermetrar. Alls stunda 232 nemendur nám við skólann, 199 í dagskóla og 33 í fjarnámi. Alls starfa 35 starfsmenn við skólann þar af 24 kennarar. Skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er Helga Kristín Kolbeins.

### Námsframboð

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum býður upp á fjölbreytt nám, bóknám til stúdentsprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs, iðnnám í múraraíðn, grunnnám málmiðna og bygginga- og mannvirkjagreina, vélstjórnarnám, sjúkraliðanám og nám á framhaldsskólabrú og starfsbraut. Rúmlega helmingur nemenda stundar nám á þriggja ára námsbraut til stúdentsprófs samkvæmt nýrri námskrá frá 2018. Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir á haustönn 2021 og Tafla 2 sýnir skiptingu nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir haust 2017 til 2021 eftir kyni. Hér sjáum við hefðbundið námsval kynjanna byggt á hefðbundinni hlutverkaskiptingu kynjanna því eingöngu

karlar stunda iðnnám og eingöngu konur stunda nám á sjúkraliðabraut. Kynjaskiptingin er jafnari í námi til stúdentsprófs en þar eru konur í meirihluta öll árin.

**Tafla 1 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir haustönn 2021**


Námsbrautir	Fjöldi Haustönn 2021
Framhaldsskólalabú	12
Stúdentsbraut Ný námskrá	130
Stúdentsbraut (viðbótarnám) Ný námskrá	5
Starfsbraut	3
Sjúkraliðabraut	35
Múraraíð	12
Vélstjórn A	3
Vélstjórn B	17
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	13
Grunnnám málmíðna	1
<b>Samtals:</b>	<b>231</b>

**Tafla 2 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á námsbrautir haust 2017 - 2021 greind eftir kyni.**

Námsbrautir	2017		2018		2019		2020		2021	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Framhaldsskólalabú	9	11	12	4	14	8	17	4	9	3
Stúdentsbraut Ný námskrá	53	74	54	72	63	70	56	74	54	76
Stúdentsbraut (viðbótarnám) Ný námskrá			22	40	1	2		2	5	
Starfsbraut	6	1	5	1	4	2	3	1	2	1
Félagsfræðibraut	6	5								
Náttúrufræðibraut	3	1								
Vélstjórnarbraut <1500 kW.	22	1	19	3						
Sjúkraliðabraut		10		12		15		15		35
Sjúkraliðalabú		4				1				
Húsasmiðabraut					6		6			
Múraraíð									12	
Vélstjórn A							1		3	
Vélstjórn B			19	3	11	1	22		17	
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina			16	2			3		13	
Grunnnám málmíðna			1		1			1	1	

## Árlegur starfstími

Starfstími Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum skólaárið 2021-2022 er frá 18. ágúst 2021 til 28. maí 2022, sjá mynd 1. Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn frá 18. ágúst til 18. desember 2021 og vorönn frá 6. janúar til 28. maí 2022. Útskrift nemenda fer fram tvisvar á ári, í lok haustannar og lok vorannar. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu skólans. Það er ekki sérstakur prófatími í lok annar heldur er námsmatsdögum dreift yfir önnina en þær upplýsingar koma ekki fram á skóladagatalinu.



Skóladagatal 2021 - 2022

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 D	1 D	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 D	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 D	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 D	3 F
4 L	4 M	4 F	4 F	4 L	4 D	4 F	4 F	4 M	4 L	4 L
5 F	5 S	5 D	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 D	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 D	7 F	7 S	7 D	7 F	7 M	7 M	7 L	7 D	7 D
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 D	8 D	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 D	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 D	10 F	10 M	10 M	10 F	10 F	10 F	10 F	10 S	10 D	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 D	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 D	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 D	12 F	12 S
13 F	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 D	14 F	14 S	14 D	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 D
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 D	15 D	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 D	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 D	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 D	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 D	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 D	21 F	21 S	21 D	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 D
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 D	22 D	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 D	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 D	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 D	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 D	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 D	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 D	28 F	28 S	28 D	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 D
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 D	29 D	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 D	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 D		31 S		31 F	31 M		31 F		31 D	

Mynd 1 Skóladagatal Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2021-2022

## Nemendur

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir fjölda nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum í staðnámi, fjarnámi og alls eftir önnum árin 2017 til 2021. Nemendafjöldinn er nokkuð stöðugur þetta tímabil, rúmlega tvö hundruð nemendur en fjarnemendum fer heldur fjölgandi.

**Tafla 3 Fjöldi nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum 2017 – 2021.**

	2017		2018		2019		2020		2021	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjöldi nemenda dagskóla	189	206	208	220	196	199	179	196	172	199
Fjöldi nemenda fjarnámi	16	21	20	4	11	7	21	19	27	32
<b>Fjöldi nemenda alls:</b>	<b>205</b>	<b>227</b>	<b>228</b>	<b>224</b>	<b>197</b>	<b>206</b>	<b>200</b>	<b>215</b>	<b>199</b>	<b>231</b>

Tafla 4 sýnir þróun í innritun nýnema frá 2017 til 2021. Taflan sýnir að fjöldi innritaðra nýnema helst nokkuð stöðugur frá 2017 til 2020 en fækkar mikið árið 2021. Helsta skýringin á því er fækkun nemenda í árgangi. Langflestir nemendur fara beint úr 10. bekk grunnskólans yfir í Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

**Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum eftir kyni að hausti frá 2017 – 2021.**

Ár	Karlar	Konur	Samtals
2017	22	26	48
2018	25	17	42
2019	16	23	39
2020	33	20	53
2021	15	11	26

Tafla 5 sýnir fjölda nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir kyni og aldri. Nokkuð jöfn kynjaskipting er í skólanum á báðum þessum önnum. Aldursdreifingin er einnig svipuð þessar tvær annir, um 60% nemenda skólans er á hefðbundnum framhaldsskólaaldri 16 til 19 ára en um 40% eru eldri og er aldersbilið mjög stórt, fólk fætt á árunum frá 1957 til 2005. Skýringin er fjölbreytt námsval og sækir eldra fólk með starfsreynslu í iðnnám og sjúkráliðanám.

**Tafla 5 Fjöldi nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum á haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni.**

Fæðingarár:	Vor 2021		Haust 2021	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1957-1981	6	7	5	15
1982-1991	5	8	12	10
1992-2001	24	22	26	25
2002	22	15	14	10
2003	15	21	12	21
2004	29	22	30	20
2005		1	19	12
<b>Samtals</b>	<b>101</b>	<b>96</b>	<b>119</b>	<b>113</b>
<b>Alls</b>	<b>197</b>		<b>231</b>	

Tafla 6 sýnir hvaðan nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum koma eftir póstnúmerum haustið 2021. Langstærsti hluti eða um 95% nemenda skólans eru búsettir í Vestmannaeyjum. Þetta sýnir vel samfélagslegt mikilvægi skólans fyrir Vestmannaeyjabæ. Þeir örfáu nemendur sem koma frá öðrum póstnúmerum eru í fjarnámi. Fjarnámið hefur aukist úr 16 í 33 nemendur frá 2017 til 2021 og nú vinnur starfsfólk að stefnumótun um fjarnám við skólann.

**Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum?**

**Fjöldi nemenda eftir póstnúmerum haustið 2021.**

Póstnúmer	Póststöð	Fjöldi haust 2021
		Dagskóli
900	Vestmannaeyjar	218
870	Vík í Mýrdal	2
861	Hvolsvöllur	1
860	Hvolsvöllur	1
750	Fáskrúðsfjörður	1
221	Hafnarfjörður	1
170	Seltjarnarnes	1
113	Grafarholt	1
112	Grafarvogur	1
111	Breiðholt	1
108	Háaleitis- og Bústaðahverfi	1
	Búsettir erlendis	2
<b>Samtals:</b>		<b>231</b>

Tafla 7 sýnir brotthvarf nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, haust og vor 2017 til 2021. Taflan sýnir að brotthvarf nemenda hefur minnkað á þessum tíma, fór undir 4% árið 2020 og undir 3% 2021. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að minnka brotthvarf nemenda og er fjallað um það síðar í matsskýrslunni.

**Tafla 7 Brotthvarf nemenda í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haust og vor skólaárin 2017 – 2021.**

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2017	3,3	5,5	4,4
2018	5,0	7,3	6,2
2019	3,1	4,5	3,8
2020	3,2	3,6	3,4
2021	*	2,9	*

\* Núverandi önn

Tafla 8 sýnir fjölda brautskráðra nemenda af einstökum námsbrautum árin 2017 til 2021. Langflestir nemendur útskrifast af stúdentsbraut samkvæmt nýrri námskrá. Fáir nemendur útskrifast á hverri önn af öðrum námsbrautum sem er eðlilegt miðað við heildarnemendafjölda skólans og fjölbreytts námsframboðs.

**Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum 2017 – 2021 á hverri námsbraut**

Námsbraut	2017		2018		2019		2020		2021	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Stúdentsbraut - Ný námskrá)	7	4	10	29	11	23	19	23	6*	26
Stúdentsbraut (viðbótarnám) Ný námskrá		1				2	2	2	3*	1
Starfsbraut		3		2		1		2		2
Félagsfræðibraut	3	4		3						
Náttúrufræðibraut	1	4								
Vélstjórnarbraut <1500 kW	2			1	1			2		
Sjúkraliðabraut			3	3		1		2	1*	
Sjúkraliðabru			1	4	1					
Húsasmiðabraut							4		1*	2
Vélstjórn B (Ný námskrá)							1			
<b>Alls</b>	<b>13</b>	<b>16</b>	<b>14</b>	<b>42</b>	<b>13</b>	<b>27</b>	<b>26</b>	<b>31</b>	<b>11*</b>	<b>31</b>

\* Áætlun



Tafla 9 sýnir námstíma nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við brautskráningu árin 2017-2020. Meðalnámstíminn á stúdentsbraut samkvæmt nýrri námskrá sem miðaður er við þriggja ára nám sveiflast lítillega til frá 3,14 til 3,66 frá 2017 til 2021. Einnig eru sveiflur í námstíma í iðnnámi og sjúkraliðanámi sem eru einstaklingsbundnar. Erfitt er þó að draga ályktanir af þessum tölum út af COVID19 á síðustu tveimur árum.

**Tafla 9 Námstími nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við brautskráningu 2017-2020**

Námsbraut	2017		2018		2019		2020		2021
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Vor
Stúdentsbraut - Ný námskrá)	3,14	3,5	3,35	3,1	3,45	3,35	3,66	3,39	3,5
Stúdentsbraut (viðbótarnám) Ný námskrá *		1,5*				0,5*	1,0*	1,25*	0,5*
Starfsbraut		4,0		4,0		4,0		4,0	4,0
Félagsfræðibraut	4,8	3,6		4,16					
Náttúrufræðibraut	3,5	3,75							
Vélstjórnarbraut <1500 kW.	4,0			5,5	7,0			5,0	
Sjúkraliðabraut			4,0	3,67		5,5		3,75	
Sjúkraliðabrá			4,0	2,0	3,5				
Húsasmíðabraut							3,25		3,75
Vélstjórn B (Ný námskrá)							7,5		
Alls nemendur	13	16	14	42	13	27	26	31	
<b>Meðaltal námsíma (ár)</b>	<b>3,86</b>	<b>3,71</b>	<b>3,78</b>	<b>3,74</b>	<b>4,65</b>	<b>4,28</b>	<b>4,80</b>	<b>4,03</b>	<b>3,75</b>

\* Viðbótarnám telst ekki með í meðalnámstíma (55 eininga nám)

Tafla 10 sýnir viðveruskráningu nemenda á haustönn 2020 og vorönn 2021. Samkvæmt skólasóknareglum skulu nemendur sækja stundvíslega allar kennslustundir og telst nemandi koma of seint í tíma ef hann kemur eftir að kennari hefur merkt við og hafið kennslu. Fjarvist í 60 mínútur gefur eitt fjarvistarstig og koma of seint gefur 0,33 fjarvistarstig. Skólasókn nemenda er metin til einkunna. Nemandi með 95%-100% raunmætingu fær eina skólasóknareiningu sem nýtist sem hluti af frjálsum vali nemenda. Mæting nemenda var nokkuð góð haustið 2020, um 90% en aðeins slakari vorið 2021 eða um 85%. Hafa þarf í huga að þetta voru óvenjulegar aðstæður vegna COVID19.

**Tafla 10 Viðveruskráning nemenda á haustönn 2020 og vorönn 2021**

	<b>Haust 2020</b>	<b>Vor 2021</b>
<i>Mæting</i>	89,2	85,1
<i>Veikindi</i>	2	5
<i>Of seint</i>	0,6	0,7
<i>Leyfi</i>	1,8	2,9
<i>Óútskýrð fjarvera</i>	6,4	5

## Kennarar og annað starfsfólk

Tafla 11 sýnir starfsheiti, fjölda starfsmanna og fjölda stöðugilda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum eftir kyni haustið 2021. Alls starfa 35 starfsmenn við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, þar af 22 konur eða 63% og 13 karlar eða 37%. Af starfsfólkinu starfa 24 eða 69% við kennslu. Leiðbeinendur eru þrír og stundakennarar eru fimm. Flestir þeirra eru karlar sem eru menntaðir sérfræðingar í iðngreinum sem vinna í aðalstarfi við sína iðngrein og hafa ekki kennsluréttindi. Vegna skorts á kennurum í iðngreinum og smæðar skólans eru þeir ráðnir í hlutastörf eða sem stundakennarar við skólann. Tveir eru í yfirstjórn í fullu starfi en flestir aðrir á þjónustusviði eru í hlutastörfum sökum smæðar skólans. Skólinn sér sjálfur um ræstingu og eru þrír starfsmenn við það í hlutastörfum. Mötuneyti er ekki við skólann og því enginn starfsmaður þar. Ríkjandi menning í Vestmannaeyjum er að allir sem geta fara heim í mat því vegalengdir eru mjög stuttar.

**Tafla 11 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum eftir kyni haustið 2021.**

<b>Starfsheiti</b>	<b>Karlar</b>		<b>Konur</b>	
	<b>Fjöldi</b>	<b>Starfshlutfall</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Starfshlutfall</b>
Skólameistari			1	100
Aðstoðarskólameistari			1	100
Fjármálastjóri			1	75
Framhaldsskólakennari/-ar	5	440	12	997
Leiðbeinandi/-ur	3	140	1	100
Stundakennari	5	170		
Ráðgjafi			1	70
Skólaritari			1	50
Forstöðumaður bókasafns			1	55
Umsjónarmaður fasteigna	1	100		
Stuðningsfulltrúi á starfsbraut			1	60
Ræsting			3	141
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>850</b>	<b>22</b>	<b>1748</b>

Tafla 12 sýnir menntun kennara við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum sem er fjölbreytt. Hátt hlutfall kennara 97% eru menntaðir í þeirri námsgrein sem þeir kenna. Fjöldi leiðbeinenda og stundakennara er hár og er skýringin á því skortur á iðnmenntuðum kennurum með kennsluréttindi og hversu fáir nemendur stunda nám í einstökum iðngreinum en skólinn reynir eftir megni að sinna þörfum bæjarfélagsins eftir iðnmenntuðu starfsfólki.

**Tafla 12 Menntun kennara við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum haustið 2021**

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	9
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	10
Háskólapróf MA/MS án kennsluréttinda	2
Iðnmeistarapróf	4
<b>Samtals:</b>	<b>26</b>

Tafla 13 sýnir starfsmannaveltu í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum frá 2016 til 2020. Flestir sem hætta eru að fara á eftirlaun. Meðalstarfsaldur kennara er 11 ár og heildarstarfsaldur þeirra er 14 ár.

**Tafla 13 Starfsmannavelta Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2016 til 2020**

	Fjöldi	Ráðnir	Tímabundin ráðning	Hættir
			Stundakennarar v. sérgreina brauta	
<b>2020</b>	35	2	4	1
<b>2019</b>	34	2	4	1
<b>2018</b>	34	2	3	2
<b>2017</b>	33	4	5	4
<b>2016</b>	32	6	2	1

## Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum. Þar eru settir fram fimm matsþættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólastarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er skipt niður í tvo eða fleiri undirþætti, alls 78 þætti með vísbendingum um góða starfshætti. Greindir eru styrkleikar og veikleikar í skólastarfinu og einkunnir á fjögurra stiga kvarða, A, B, C eða D gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Við matið skal taka mið af eftirfarandi kvarða:

*(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*

*(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*

*(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*

*(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Skólinn metur sjálfur stöðu sína út frá ofangreindum viðmiðum og vísar í ýmis gögn máli sínu til stuðnings. Síðan er það hlutverk ytri matsmanna að sannreyna sjálfsmat skólans út frá gögnum, vettvangsheimsókn, viðtölum og rýnihópaviðtölum. Hér í skýrslunni er mat skólans merkt með „S“ og mat ytra matsmanna er merkt með „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

## Viðmið og vísbendingar

### Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

#### Mat á stjórnun og skipulagi:

##### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	SM			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	S	M		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		SM		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

## 1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	SM			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			SM	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

## 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	SM			

## 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til að nota við innra mat.	S	M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S		M	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	SM			
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	SM			

## Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	SM			
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			



## 2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

## 2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	S	M		

## 2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	S	M		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		SM		

## 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	S	M		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

### **Páttur 3: Samskipti og líðan**

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### **Mat á samskiptum og líðan:**

### **3.1. Um skólabrag**

*Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.*

#### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

### **3.2. Um samskipti í skólastofunni**

*Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.*

#### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		SM		

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	S	M		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		SM		

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			SM	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			SM	

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferska þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		SM		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			SM	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	SM			

## Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	SM			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	S	M		
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	SM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.				SM
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

## Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	SM			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	SM			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	SM			
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	S	M		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	SM			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	SM			

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.		S	M	
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	S	M		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

## Greinargerð um ytra matið

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haustið 2021. Auk þess eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólasterfið í hverjum þætti svo og tækifæri skólans til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar. Heimildir eru tilgreindar í lok skýrslunnar.

## Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

## Stefnumótun

Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu og í fjölmörgum stefnuskjölum. Skólinn hefur mótað sér stefnu sem er heildstæð og tekur á flestu sem tengist skólasterfi s.s. persónuvernd, einelti, umhverfi, heilsu og jafnrétti. Í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára (sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál) og skilað er inn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru skilgreind markmið og töluleg viðmið. Áherslur á þessi markmið má greina í viðræðum við stjórnendur og starfsfólk og greinilegt er að verið er að vinna að þeim í daglegum störfum. Sem dæmi um það má nefna markmið um að minnka brotthvarf nemenda þar sem sett eru nokkur undirmarkmið s.s. vinna við endurskoðun á kennslu í byrjunaráföngum, sem unnið hefur verið að undanfarin ár, og komið hefur verið á fót sérstakri námsaðstoð fyrir nemendur sem ráðgjafi og kennarar telja að standi höllum fæti eftir fyrri hluta námsannar.

Stefnumótun fer fram á skipulögðum fundum s.s. mánaðarlegum kennarafundum, árlegum skólafundi með nemendum og skólanefndarfundum. Einnig fer fram stefnumótun í tengslum við úrvinnslu á innra mati og á MAS-fundum með kennurum (sjá kafla um innra mat). Í viðtölum kom fram að starfsfólki finnst það líka koma óformlega að stefnumótun þar sem mikil óformleg umræða á sér stað á kaffistofunni og í vinnustofum. Í svo litlum skóla séu samskiptaleiðir stuttar og auðvelt að ná eyrum stjórnenda. Formaður skólanefndar er ánægður með aðkomu skólanefndar að stefnumörkun og telur að nefndin sé vel upplýst



um það sem er að gerast í skólanum og framtíðaráform. Allt starf nefndarinnar sé í föstum skorðum og þau fái tækifæri til þess að fjalla um flest er viðkemur starfsemi skólans. Formaður skólanefndar sem er nú um stundir bæjarstjóri, hefur unnið við kennslu og í viðtali kom fram mikill og brennandi áhugi hennar á skólamálum. Í viðtölum við stjórnendur skólans kom einnig fram að samstarf við skólanefnd er gott og styrkur fyrir skólann að þar sé núverandi formaður. Skólameistarinn er einnig bæjarfulltrúi sem gefur líka virk og mikil tengsl í stjórnkerfi bæjarins.

Ekkert foreldraráð er starfandi við skólann svo lítið formlegt samband er við foreldra og þeir koma ekki að stefnumótun. Hins vegar segir skólameistari að vegna smæðar samfélagsins séu áhrif foreldra óbeint meiri en í stærri samfélögum. Allir viti og hafi skoðun á því sem er að gerast í framhaldsskólanum þeirra. Engu að síður er nauðsynlegt fyrir skólann til framtíðar að virkja betur formleg tengsl við foreldra. Í viðtölum kom fram að þeirri hugmynd hefur verið kastað fram að stofnað verði eitt foreldrafélag fyrir öll skólastigin þrjú, leik- grunn- og framhaldsskóla því foreldrar eigi gjarnan börn á fleiri en einu skólastigi og með blönduðu foreldrafélagi mætti auka áhrif foreldra á öllum skólastigum.

Skólaráð er starfandi við skólann og þar eiga stjórnendur, nemendur og kennarar fulltrúa. Ráðið heldur þó einungis fundi ef einhver ákveðin málefni sem falla undir ráðið eru fyrirliggjandi. Engir fundir hafa verið haldnir undir lok október á þessari haustönn. Ráðið kemur því ekki að stefnumörkun í skólanum. Þennan vettvang með nemendum og kennurum mætti nýta betur til þess að ráðgast við þessa hópa um stefnu og starfsemi skólans.

Lítið samráð virðist vera við nemendur um stefnumótun utan árlegan skólafund. Nemendur koma ekki formlega að stefnumótun þó þeir eigi fulltrúa í skólanefnd og skólaráði. Í viðtölum töldu nemendur sig ekki hafa mikil áhrif á stefnu skólans. Úr þessu þyrfti að bæta.

Í heild má þó segja að með góðri stjórn, útsjónarsemi og samvinnu við samfélagið allt tekst stjórnendum og starfsfólki skólans að bjóða upp á merkilega fjölbreytt nám í skólanum miðað við stærð samfélagsins og fjölda nemenda. Þar gerir góð samvinna stjórnenda við bæjarfélagið og atvinnurekstur útslagið. Samfélagið allt er stolt af skólanum og styður við hann á margvíslegan hátt.


## Stjórnskipan og stjórnendur

Skólameistari og aðstoðarskólameistari skipa yfirstjórn skólans og eru einu stjórnendurnir í fullu starfi. Skipurit skólans er skýrt og vel fram sett. Aðgengi starfsmanna og nemenda að stjórnendum er gott og öll samskipti virðast jákvæð og lipur. Greinilegt er af samtölum í rýnihópum og viðtölum að stjórnendur njóta mikils traust á öllum vígstöðvum. Litið er til skólameistara sem faglegs leiðtoga og nýtur hún traust og virðingar sem slík.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

### Skipurit



### Mynd 2 Skipurit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Mikil samvinna er milli yfirstjórnenda og annarra stjórnenda s.s. fjármálastjóra og umsjónarmanns fasteignar. Samskiptin og samvinnan er bæði formleg og óformleg. Í viðræðum við þetta starfsfólk kom fram að þessi samskipti séu mikil og þægileg og auki starfsánægju þeirra. Á sama tíma finnst þeim að þeim sé treyst fyrir sínu starfssviði og að stjórnendur virði þeirra álit og skoðanir. Hjá skólameistara liggja engu að síður loka ákvörðunin gjarnan eftir samráð við aðstoðarskólameistara.

Stjórnendur segja að mikið álag hafi verið á þeim undanfarin ár. Mörg stór verkefni hafi þurft að vinna og síðan hafi álag vegna COVID19 bæst við. Verið er að vinna að lokahluta ISO-vottunar skólans sem er viðamikil verkefni sem staðið hefur yfir í mörg ár. Þegar skólinn fær ISO-vottun er hægt að útskrifa vélstjóra án aðkomu Tækniskólans því það þarf alþjóðlega gæðavottun þegar skólar útskrifa nemendur af

vélstjórnarbraut og verður það mikið framfaraspor að mati stjórnenda. Innleiðing jafnlaunakerfis og eftirfylgni með því hefur einnig verið flókið og tímafrekt verkefni. Gæðastjórn gæðahandbókar og eftirfylgni með hlítungum (hvernig gengur að hlíta lögum og reglugerðum) er í höndum aðstoðarskólameistara. Ritstjórar gæðahandbókar eru skólameistari og aðstoðarskólameistari. Bæði skólameistari og aðstoðarskólameistari eru hluti af sjálfsmatshópi skólans. Þær koma með virkum hætti að öllum stórum verkefnum skólans og aukin dreifing á verkefnum gæti létt álagi af þeim. Sérstakur ritstjóri gæðahandbókar gæti létt verkum af báðum yfirstjórnendum. Spurning er líka hvort þörf sé á því að báðir yfirstjórnendur séu í sjálfsmatshópi skólans og skrifi sjálfsmatskýrslu hans. Virkja mætti fleiri starfsmenn í afmörkuð verkefni sem létt gætu vinnu af stjórnendum.

Kennarar skólans eru vel menntaðir og stór hluti þeirra með kennsluréttindi. Tveir háskólamenntaðir og fjórir iðnmenntaðir leiðbeinendur eru þó án kennsluréttinda auk fimm stundakennara í verknámi. Skólinn þarf að gera átak í því að auka hlutfall réttindakennara enda myndi það nýtast bæði nemendum skólans og því starfsfólki sem vantar full kennsluréttindi og um leið ráðningarfestu. Til þess að fá full kennsluréttindi þurfa iðnmeistarar að ljúka eins vetrar námi þ.e. 60 háskólaeiningum. Þetta nám er hægt að stunda í fjarnámi við háskóla á Íslandi. Því telja matsmenn að gera þurfi átak í því að auka hlutfall kennara með kennsluréttindi, sérstaklega verknámskennara. Nemendur eiga rétt á því að kennarar þeirra hafi full starfsréttindi til kennslu.

Ráðgjafi er í 70% starfi og gegnir hefðbundnum störfum náms- og starfsráðgjafa en hefur ekki starfsréttindi sem slíkur. Ráðgjafinn er vel menntaður og með mikla og fjölbreytta reynslu af skólastarfi sem nýtist vel í störfum fyrir skólann. Nám í náms- og starfsráðgjöf er tveggja ára staðnám í Reykjavík og því erfitt fyrir fólk af landsbyggðinni að öðlast réttindi á þessu sviði án mikilla tilfæringa. Yfirvöld menntamála þurfa að hlutast til um að þetta nám, eða diplómunám á þessu sviði, verði gert aðgengilegra sem viðbótarnám við háskólagráðu í fjarnámi. Leita þarf leiða til þess að gera ráðgjafa skólans kleift að öðlast starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi og fá um leið aðgang að virku samstarfi við Félag náms- og starfsráðgjafa. Ráðgjafinn er með margt á sinni könnu því auk ráðgjafar við nemendur er hún tengiliður við Íþróttakademíuna, hluti af sjálfsmatshóps skólans og forvarnarfulltrúi.

Meðalstarfsaldur kennara við skólann er nú 11 ár og starfsmannavelta almennt lítil eða einn til tveir á ári á síðustu fimm árum. Í viðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að skólinn er eftirsóttur vinnustaður og nýtur góðs orðspors sem slíkur í bæjarfélaginu. Kennurum og öðru starfsfólki var tíðrætt um hversu mikils faglegs traust þeir nytu og sögðu að það væri stór þáttur í starfsánægju þeirra. Einnig

voru viðmælendur okkar ánægðir með hversu gott aðgengi er að stjórnendum og góð samskipti við þá eru. Vel og fljótt er brugðist við beiðnum kennara um starfstengdar óskir.

Engin starfsmannaviðtöl fara fram við skólann. Markviss starfsmannaviðtöl geta gefið bæði starfsmanni og stjórnendum tækifæri til þess að ræða á nýjan hátt um starfið og auk þess gefið færi á því að stjórnendur fylgist markvisst með líðan og starfsþróun síns fólks. Matsmenn hvetja því til þess að tekin verði upp regluleg starfsmannaviðtöl.

Starfsánægja og viðhorf til stjórnunar og stjórnenda er mæld árlega í könnuninni *Stofnun ársins*. Á heimasíðu má sjá að á árinu 2015 var skólinn hástökkvari ársins og frá 2017 annaðhvort fyrirmyndarstofnun eða stofnun ársins í sínum stærðarflokki. Það styður það sem fram kom í viðtölum við kennara og annað starfsfólk að almenn ánægja sé með stjórnendum og stjórnun skólans.


## **Innra mat**

---

Unnið er að innra mati með skipulögðum hætti þar sem kerfi byggt á stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) er nýtt til þess að fá yfirsýn, halda utan um niðurstöður og vakta veika punkta. Í sjálfsmatsskýrslu skólans segir um stefnumiðað árangursmat og ferlið sem því fylgir:


*Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða á skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við, er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og fundum starfsfólks og tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næsta skólaár. Sú áætlun er yfirfarin og kynnt á starfsmannafundi.*

Í vinnu við að setja upp stefnumiðað árangursmat hafa verið greindir lykilþættir og stærðir í skólastarfinu og unnir mælikvarðar fyrir hvern þátt, sjá mynd 3.



**Mynd 3 Greining fyrir stefnumiðað árangursmat**


Hver þáttur fær lit sem táknar stöðu þess þáttar (mynd 4) eftir innra mat árið. Hluti þáttanna er mældur á hverju ári en stefnt að því að heildarmynd fái stöðu á öllum þáttum stefnunnar á þriggja ára tímabili, sjá mynd 4.



**Mynd 4 Úskýring á stöðu þátta í skorkorti Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum**

Í sjálfsmatsskýrslu skólans er gott yfirlit yfir alla þá þætti sem fylgst er með og síðan fjallað um áhersluþætti þess árs. Í heild er kerfið yfirgripsmikið og ætlað að tryggja að allir þættir skólastarfsins séu skoðaðir reglulega. Kerfið er umfangsmikið og mikil og góð vinna hefur farið í að greina lykilþætti og mælikvarða og


greinilegt að kerfið hefur fest sig í sessi í vinnu að sjálfsmati skólans. Óvenjugóð yfirsýn yfir skólastarfið ætti því að nást þegar skoðaðar eru sjálfsmatsskýrslur nokkurra síðustu ára. Flæðirit yfir heildarferlið yfir ferlið má sjá á mynd 5 (úr gæðahandbók).



**Mynd 5 Flæðirit yfir mat á stöðugum umbótum samkvæmt verklagsreglum í gæðahandbók**

Áætlun innri úttekta liggur fyrir og þar er gott yfirlit yfir hvaða þættir eru skoðaðir, af hverjum og hvernig. Snert er á flestum þáttum skólastarfsins á hálfárs- eða ársfresti. Niðurstaða skorkorts skólaárið 2020-21 er birt í mynd 6. Skorkortið gefur góða yfirsýn yfir þá þætti sem þarfnast úrbóta og má t.d. strax sjá að veiki þáttur skólaársins 2020-21 er markviss kynning á skólanum sem er rauðlitaður þáttur. Þrír aðrir þættir skera sig úr með bleikum lit sem þýðir að þeir eru í endurskoðun og aðrir þrír eru gulir sem tákna að eitthvað vanti upp á að markmiðum hafi verið náð. Heildarniðurstaðan sem skorkortið á að gefa fyrir skólaárið 2020 - 21 er því frekar óljós við fyrstu sýn. Í heild er kerfið gott en við greiningu kemur í ljós að í sumum þáttum vantar skýrari töluleg viðmið. Mörg viðmið tengd nemendum færast til eftir því hvernig heildar niðurstöður *Framhaldsskólaláupsins* eða könnunarinnar *Ungt fólk* eru hjá öðrum skólum sem taka þátt. Nauðsynlegt er fyrir skólann að setja sér oftast sín eigin mælanlegu viðmið. Greiningar milli ára miðist síðan við þessi viðmið óháð niðurstöðum annarra skóla. Vinna við sjálfsmat er góð og sjálfsmatsskýrsla skólans er yfirgripsmikil og vel unnin en skýrslan sjálf frekar flókin aflestrar. Tilfinningin við lestur skýrslunnar er að kerfið beri læsileikann ofurliði. Mikið af góðum upplýsingum en erfitt að sjá hvernig þróun síðustu ára hefur verið og í heild er skýrslan tyrfín aflestrar.

## Niðurstaða skorkorts 2020-2021



Skorkort Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

### Mynd 6 Skorkort Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum skólaárið 2020- 2021

Við skólann starfar hópur sem vinnur að sjálfsmati. Hópin skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, verknámskennari og meðlimur í gæðaráði og ráðgjafi nemenda skólans sem auk þess hefur umsjón með Íþróttakademíu FÍV og ÍBV og situr í gæðaráði. Undir sjálfsmatsskýrslu skrifa skólameistari og aðstoðarskólameistari. Gæðaráð og sjálfsmatshópur eru skipuð sama fólki en formlegt starfsheiti gæðastjóra hefur verið lagt niður. Aðstoðarskólameistari er hins vegar gæðastjóri gæðahandbókar og annar af ritstjórum hennar og kemur því að mörgum þáttum gæðamála. Gæðahandbók sem unnið hefur verið að síðustu ár nýtist vel í vinnu við sjálfsmat. Sjálfsmatshópurinn er að vinna mjög gott verk en kerfið virðist að hluta til orðið nokkuð sjálfvirkt. Fækka mætti yfirstjórnendum í sjálfsmatshópnum, vera bara með annan af tveimur til þess að minnka áhrif yfirstjórnar á túlkun niðurstaðna. Breyta þyrfti samsetningu hópsins sem kemur að sjálfsmati, fækka stjórnendum en fá inn fleiri kennara, fulltrúa foreldra og nemenda.

Í viðtölum ræddu starfsmenn um að mikil fagleg umræða fari fram á óformlegri nótum, á kaffistofu eða í tengslum við kennslu. Kennarar á starfsbraut eru t.d. mikið inn í kennslustofu hver hjá öðru og í framhaldi af því fari gjarnan fram kennslufræðilegar umræður. Á kaffistofu og í vinnurými kennara sé einnig stöðugt

verið að ræða hvernig bæta megi starfið. Í viðræðum við kennara og stjórnendur var rætt um MAS-fundi. Í sjálfsmatskýrslu er þeim lýst þannig:

*MAS- fundir eru vikulega en þar setja kennarar sér markmið (M), ákveða aðgerðir (A) til að ná þeim og eiga samtal (S) um hvernig gengur. Samhliða fara kennarar í heimsóknir í kennslustundir hvor til annars og eiga samtal um hvernig til tekst í kennslustofunni.*

Mikil ánægja virtist vera með þessa fundi og kannski ekki síst á tímum samkomubanns þar sem þeir gáfu einnig tækifæri til þess að hittast á og sjá framan í samstarfsfólkið yfir netið. Heimsóknir í kennslustundir hafa hins vegar ekki verið mögulegar síðustu annir vegna COVID19 -faraldurs.

Á MAS fundum er fylgst með framvindu stefnumótunarverkefna þar sem kennarahópar hafa verið myndaðir um hvernig hægt væri að fylgja ákveðnum úrbótum sem tengjast síðustu umferð sjálfsmats, stefnumótun og framtíðarsýn skólans. Í ár er yfirskriftin MAS-verkefna tvíþætt: að efla fjarnám og að virkja nemendur og efla ábyrgð þeirra á eigin námi. Kennurum er skipt í nokkra smærri hópa um hvernig hægt er að stuðla að þessum tveimur yfirmarkmiðum. Á MAS - fundum spyrja stjórnendur hvernig verkefni hvers hóps gengur og um leið fylgjast þeir og samstarfsfólkið með framvindunni. Á tímum samkomubanns voru MAS - fundir með fjarfundarsniði á netinu. Í viðtölum kom fram að hver fundur stendur stutt, kannski 15 mínútur, en allir geta komið sínu að. Þetta hefur gefið, og gaf sérstaklega þegar samkomubann stóð yfir, fólki tækifæri til þess að halda góðu sambandi og huga að hverju öðru. Viðmælendur okkar voru sammála um að þessir reglulegu fundir hafi verið ómetanlegir þegar samkomubann ríkti og skólinn var lokaður fyrir utan hversu faglega eflandi það væri að skoða markmið hópanna frá mörgum hliðum með samstarfsfólki. Í sjálfsmati rýna kennarar í áfangamat sem framkvæmt er reglulega og einnig eigið framvindumat. Í framvindumati rýna kennarar kennsluáætlanir m.t.t. markmiða eins og að stuðla að eflingu kennslu.

## **Styrkleikar**

- Samhentir stjórnendur sem starfsfólk og nemendur treysta
- Skýr stefna sem endurspeglast í skólastarfinu
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Gott samstarf við skólanefnd
- Samhentur hópur starfsfólks
- Stuttar boðleiðir vegna greiðra samskipta innan skólans
- Yfirgripsmikið innra mat sem nýtt er til endurbóta



- MAS-fundir

### **Tækifæri til umbóta**

- Dreifa ábyrgð stórra verkefna á fleiri hendur og létta verkum af yfirstjórn
- Lækka hlutfall leiðbeinenda meðal allra kennara en sérstaklega á verknámsbrautum
- Koma á reglulegum starfsmannaviðtölum
- Virkja samráð um stefnu skólans við foreldra/forsjáraðila
- Auka samráð um stefnu skólans við nemendur
- Einfalda framsetningu sjálfsmatsskýrslu svo skýrslan verði auðlesnari fyrir utanaðkomandi aðila
- Skipa nemendur í sjálfsmatshópinn
- Bæta við fulltrúa foreldra/forsjáraðila í sjálfsmatshópinn

## Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Nám, kennsla og námsmat

Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum er fjölbreytt nám í boði og á haustönn 2021 er nám á alls tíu námsbrautum, sjá mynd 7 hér fyrir neðan. Námið er sérstaklega fjölbreytt í ljósi nemendafjöldans en alls stunda 231 nemandi nám við skólann. Skólinn leggur mikla áherslu á fjölbreytt iðnnám til að mæta þörfum atvinnulífsins sem er mjög jákvætt fyrir bæjarsamfélagið.

<b>Stúdentsbrautir</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Stúdentsbraut</li><li>• Stúdentsbraut Viðbótanám af starfsnámsbrautum</li></ul>
<b>Iðnnám</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina</li><li>• Grunnám málmíðna</li><li>• Múraraiðn</li><li>• Vélstjórn A</li><li>• Vélstjórn B</li></ul>
<b>Verknám</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjúkráliðabraut</li></ul>
<b>Framhaldsskólabrú</b>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Framhaldsskólabrú</li></ul>
<b>Starfsbraut</b>
Starfsbraut

Mynd 7 Námsbrautir Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Boðið er upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs á þremur námslínunum, félagsvísindalínu, náttúruvísindalínu og opinni línu þar sem nemendur velja sér sérhæfingu í íþróttagreinum eða listum. Alls stunda 130 nemendur nám til stúdentsprófs, 76 konur og 54 karlar. Alls eru 32 fjarnemendur við skólann og stunda þeir flestir nám á stúdentsbrautinni. Á öllum námslínunum skiptist námið í kjarna, bundið pakkaval og frjálst val. Í kjarna eru 97 einingar í grunngreinum, íþróttum, einn áfangi í listum og lokaverkefni sem er sjálfstætt verkefni í sérgrein nemandans. Í bundnu pakkavali velja nemendur milli frönsku, spænsku og þýsku sem þriðja máls, alls 13 einingar og nemendur á félags- og náttúruvísindalínunum velja einnig í bundnu pakkavali um áfanga í sérgreinum námslínunnar 40 og 45 einingar. Í frjálstu vali eru því 45 einingar á náttúruvísindalínu, 50 á félagsvísindlínu og 90 einingar á opinni námslínu.

Einnig er í boði viðbótanám til stúdentsprófs að loknu iðnnámi og stunda fimm nemendur það nám á haustönn 2021. Á brautinni eru áfangar á 3. hæfniprepi sem iðnnemendur þurfa að bæta við sig til að uppfylla viðmið fyrir stúdentsbrautir í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

Fimm námsbrautir eru í boði í iðnnámi, Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina, Grunnám málmíðna, Múraraiðn, Vélstjórn A og Vélstjórn B. Alls stunda 46 nemendur nám í iðngreinum, allt karlar. Boðið er upp á verknám á Sjúkraliðabraut og eru 35 nemendur á þeirri braut, allt konur.

Framhaldsskólabrú er í boði fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskyldum árangri í grunnskóla og er það 100 eininga nám á tveimur árum til framhaldsskólaprófs. Tólf nemendur stunda nám á framhaldsskólabrú. Flestir halda áfram námi í skólanum á öðrum brautum eftir námið á Framhaldsskólabrú og sumir stunda nám á öðrum brautum samhliða þessu námi eða flytja sig alveg yfir á aðrar brautir áður en náminu lýkur á Framhaldsskólabrú. Helmingur af náminu er í kjarnafögum á fyrsta hæfniprepi og helmingur er nám í valgreinum á 1. og 2. hæfniprepi.

Fjögurra ára nám á Starfsbraut er í boði fyrir nemendur með fötlunargreiningu og eru þrír nemendur á þeirri braut. Námið á Starfsbraut er einstaklingsmiðað og er blanda af bóklegu og verklegu námi. Nemendur stunda nám með nemendum á öðrum brautum eins mikið og hægt er og taka þau virkan þátt í skólasamfélaginu m.a. útskriftarhópnum þegar kemur að útskrift. Námið er skipulagt í áföngum og eru námsáætlanir og verkefni í námsumhverfi Innu eins og almennt í öllum áföngum í skólanum. Brautin hefur séraðstöðu sem er innréttuð með þarfir nemenda í huga og einnig hafa þau aðgang að skólaeldhúsi því áhersla er lögð á heimilisfræði til að efla nemendur sem sjálfstæða og sjálfbjarga einstaklinga. Þau fara í starfskynningar í fyrirtækjum seinni tvö árin. Eftir námið fá sumir atvinnu í Heimaey – vinnu og hæfingarstöð, þar sem m.a. eru framleidd landsfræg kerti. Vinnuálastofnun aðstoðar einnig nemendur

sem ljúka starfsbraut við að útvega sér vinnu hjá ýmsum fyrirtækjum í bænum og hjá Vestmannaeyjabæ t.d. á bókasafninu og íþróttahúsinu.

Fjölbreytt iðnnám er í boði við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og leggur skólinn metnað sinn í að mæta þörfum atvinnulífsins, hækka menntunarstigið og auka virðingu fyrir menntun í bæjarsamfélaginu sem telur alls 4.400 íbúa. Einnig er áhersla lögð á að ungmenni þurfi að flytja burtu eins seint og hægt er til að sækja framhaldsnám. Nýleg rannsókn á tveimur framhaldsskólum í dreifðum byggðum á Íslandi sýnir að framhaldsskólar á landsbyggðinni leggja áherslu á námsframboð sem nýtist nærsamfélaginu og að þeir gegna fjölþættum hlutverkum í heimabyggðinni (Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir, 2021).

Góð tækjaaðstaða með nýjustu tækni er í skólanum til að kenna vélstjórn og málmsmíði og verið er að byggja upp aðstöðu til kennslu í rafmagnsgreinum. Smíðastofa er ekki í skólanum og fer því öll verkleg kennsla í byggingagreinum fram í fyrirtækjum úti í bæ.

Mikilvægur hluti af námi nemenda í iðnnámi og sjúkraliðanámi er verklegt nám og er skólinn í mjög góðu samstarfi við atvinnulífið í Vestmannaeyjum í tengslum við þann hluta námsins. Mörg iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum sjá um starfsþjálfun iðnnema í mjög góðu samstarfi við skólann. Frá ágúst 2021 ber skólinn ábyrgð á að útvega nemendum starfsþjálfun og skólameistari er sannfærð um að það gangi áfram vel eins og hingað til. En nemendur þurfa að ljúka sveinsprófi uppi á landi og hafa gert það m.a. í Reykjavík og á Sauðárkróki. Tækniskólinn hefur vottað útskrift vélstjóra frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hingað til því skólann skortir ISO 91, samevrópskt vottunarkerfi en skólinn stefnir á að fá þá vottun viðurkennda vorið 2022.

Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum sem er hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurlands sér um alla verklega kennslu í sjúkraliðanáminu og taka sumir nemendur hluta af starfsnáminu í Reykjavík eða Akureyri. Nemendur halda ferilbók á meðan á starfsnáminu stendur.

Val nemenda í skólanum fylgir mjög hefðbundinni hlutverkaskiptingu kynjanna og endurspeglar það stöðuna úti í samfélaginu, eingöngu karlar í iðnnámi og eingöngu konur í sjúkraliðanámi. Skólinn hefur lagt áherslu á það síðustu ár að kynna námið fyrir grunnskólanemendum og opna augu nemenda fyrir öllum námsmöguleikum og er skólinn hvattur til að halda áfram á þeirri braut. Dæmi er um að stúlkur hafi valið iðnnám í skólanum á síðustu árum og það kom fram á fundunum að konur með iðnmenntun eru mjög eftirsóttur starfskraftur í Vestmannaeyjum því atvinnurekendur telja þær góðan vinnukraft og að það bæti starfsandann í fyrirtækjum að hafa starfsfólk af báðum kynjum.

Meðalhópastærð námshópa á haustönn 2021 er 14,8 nemendur. Skólinn vill gjarnan efla fjarnámið til að bæta hópastærðina í einstökum áföngum.

Að mörgu leyti er stefna skólans mjög skýr t.d. varðandi námsframboð, hæfni nemenda og stjórnun eins og áður hefur verið rætt í skýrslunni. Stefna um kennsluhætti og námsmat kemur fram í námsbrautalýsingum en mætti þó vera skýrari og betur kynnt á heimasíðunni t.d. undir stefnuskrá hans. Ennfremur þarf að finna leiðir til að fá alla kennara til að aðlaga starfshætti sína stefnu skólans um kennsluhætti og námsmat. Stefna skólans um símat kemur m.a. fram í því að engin sérstakur tími er fyrir lokapróf í skóladagatalinu en það kom fram á fundum rýnihópa að kennarar eru ekki allir sammála þeirri stefnu. Setja mætti fram skýra stefnu með rökstuðningi og tengja við hugmyndir um leiðsagnarmat sem koma skýrt fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011). Gott væri fyrir skólann að fá ráðgjöf sérfræðinga frá menntavísindasviði HÍ til að innleiða leiðsagnarmat í þróunarverkefni sem gæti staðið yfir í eitt til tvö skólaár.

Samræmdar reglur eru um verkefnavinnu nemenda og meðferð heimilda í gæðakerfi skólans. Þar eru settar fram skýrar reglur, krafa um að höfundaréttur sé virtur, allir nýti APA heimildaskráningakerfið og skýr viðurlög eru við brotum á heimildarreglum. Þegar nemendur óska eftir frest á verkefnaskilum verða þeir að leita beint til skólameistara og senda inn skriflega beiðni og hún sú eina sem getur veitt leyfi fyrir fresti á verkefnaskilum. Bæði kennarar og nemendur eru sátt við þetta fyrirkomulag og telja kennara að mun færri beiðnir komi fram með þessu fyrirkomulagi.

Áhersla er lögð á að fylgjast vel með námi og kennslu í gæðakerfi skólans og felst það m.a. í að allir kennarar nýta samræmt eyðublað fyrir gerð kennsluáætla og skila inn framvindumati áfanga á rafrænu eyðublaði í lok hverrar annar um hvernig gekk að fylgja kennsluáætlun, hvernig nemendahópurinn var og hvað þarf að endurskoða. Aðstoðarskólameistari fer yfir framvindumatið og vistar í skjalavistunarkerfinu GoPro. Unnið er að samræmdri hugtakanotkun yfir fjölbreytt námsmat t.d. með útgáfu hugtakalista yfir námsmat sem birtur er í gæðakerfi skólans.

Samkvæmt skóladagatalinu fyrir skólaárið 2021-2022 eru alls 177 kennslu- og námsmatsdagar á skólaárinu, 86 á haustönn 2021 og 91 á vorönn 2022. Enginn greinarmunur er gerður á milli kennsludaga og námsmatsdaga í skóladagatali á þessu skólaári og er kennurum í sjálfsvald sett hvenær á önninni þeir hafa námsmatsdaga. Margir kennarar hafa námsmatsdaga í lok annar og einnig í tengslum við Vörðudaga sem eru fjórir á hverri önn (á haustönn eru það 16.9, 20.10, 18.11 og 18.12.) en þá gefa kennarar nemendum annarmat SVT í hverjum áfanga. V og T tákna að nemendur hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru en S merkir að nemandinn þarf virkilega að taka sig á ef hann ætlar að ná áfanganum. Það kom fram á

rýnihópafundum með kennurum og nemendum að þau voru alls ekki viss um hvernig skipulaginu á námsmatdögum er háttað og er það mat okkar matsmanna að skýrara og skilvirkara væri að hafa ákveðna námsmatsdaga merkt inn á skóladagatalið og allir hefðu þá jafnmarga og á sama tíma en dreift yfir önnina.

Góðar upplýsingar eru á heimasíðu skólans um uppbyggingu og innihald námsins og þar er skólanámskráin í einu PDF skjali með tenglum inn á námsbrautalýsingar og ýmis skjöl í gæðahandbókinni sem er til eftirbreytni. Sjá: <https://www.fiv.is/static/files/skjol/vidbragdsaeatlanir/skolanamskra-fiv-2021-22>  
[Skólanámskrá \(fiv.is\)](#)

## **Kennarar**

---

Hátt hlutfall kennara 97% eru menntaðir í þeirri námsgrein sem þeir kenna við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum en nokkra vantar kennsluréttindi á framhaldsskólastiginu. Framhaldsskólakennarar með kennsluréttindi eru 17 við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum en einnig starfa þar fjórir leiðbeinendur og fimm stundakennarar. Það vantar kennara í iðngreinum með kennsluréttindi. Stundakennarar eru ráðnir úr fyrirtækjum úti í bæ sem eru mjög velviljug skólanum sem koma og sinna kennslu í iðngreinum. Tveir leiðbeinendur eru núna í kennsluréttindanámi. Mikilvægt að menntamálayfirvöld geri kennslu í iðngreinum að aðlaðandi starfi og geri starfandi meisturum í iðngreinum kleift að stunda kennsluréttindanámi í fjarnámi við Háskóla Íslands.

Kennarahópnum tókst vel að bregðast við breyttum aðstæðum vegna COVID19. Þeir lærðu nýja tækni og á ný forrit með aðstoð kennarans í upplýsingatækni. Kennarar voru ánægðir með Teams, stundataflan fékk að halda sér þar og nemendur voru duglegir að vinna verkefni heima. En allir eru ánægðir með að koma til baka í staðnámið og kennurum finnst að nemendur kunni betur að meta það eftir reynsluna af fjarnáminu og séu þakklátari en áður fyrir kennslutímama. Samráðsfundir voru haldnar daglega kl. 15:00 á Teams sem reyndist mjög vel og mikil ánægja með þá fundi. Verknámsnemendur fengu að sækja verklegt nám í skólann en aðrir nemendur voru í fjarnámi meðan samkomutakmarkanir voru miklar á tímum COVID19.

Stjórnendur hvetja kennara til starfsþróunar og er áhersla á endurmenntun hluti af stofnanasamningi skólans. En staðsetning og erfiðar samgöngur gera starfsfólki erfitt fyrir að sækja námskeið, ráðstefnur og fundi uppi á fastalandi og erlendis. Forfallakennsla er ekki til staðar. Flestir kennarar eru einyrkjar og hafa því mikla þörf fyrir samstarf við kennara í öðrum framhaldsskólum og í sínum fagfélögum.

Allir kennarar taka þátt í starfi þróunarhópa, svokölluðum MAS hópum í skólanum og hittast kennarar vikulega á stuttum fundum til að ræða þróun skólastarfsins. Nú eru þróunarhópar starfandi með það að

markmiði að finna leiðir til að auka ábyrgð nemenda á námi sínu, finna leiðir til að auka virkni nemenda í námi sínu og að þróa fjarnámið. Mikil ánægja er með MAS hópana.

Alls tóku sjö kennarar þátt í endurmenntunarnámskeiðinu „Framhaldsskólinn á krossgötum“ skólaárið 2020-2021 sem er mikil þátttaka miðað við kennarafjölda skólans.

Fyrir COVID19 var byrjað með Menntabúðir fyrir kennara allra skólastiga í Vestmannaeyjum en hlé hefur verið á þeim í tvö ár. Vonir eru bundnar við það fyrirkomulag fyrir starfsþróun eftir að COVID19 faraldrinum lýkur.

Tveir starfsmenn Starfsbrautar Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fóru nýlega í dagsferð til Hornafjarðar til að miðla þekkingu sinni þar um námsefni og aðferðir við vinnu stuðningsfulltrúa á Starfsbraut sem var að opna þar.

Hópur kennara fór á Bett, ráðstefnu um upplýsingatækni í London og var ánægja með þá námsferð. Skólinn tók þátt í erlendu samstarfi fyrir COVID19 og var í einu til tveimur erlendum samstarfsverkefnum á ári. Spurning hvort skólinn hafi tækifæri til að sækja um að gerast aðili að Erasmus+ samningi frá 2021 til 2027 um styrki til námsferða kennara og annars starfsfólks til Evrópu sem gæti eft starfsþróun kennara og aukið starfsánægju þeirra.

## Námsgögn

---

Inna, upplýsingakerfi framhaldsskólanna er bæði nýtt fyrir almennar upplýsingar um skólastarfið t.d. innritun, námsframvindu og viðveru nemenda og einnig sem námskerfi fyrir kennara og nemendur t.d. bókalista, námsáætlanir, verkefni og próf. Ánægja er meðal starfsfólks, kennara og nemenda með Innu og er það vel nýtt af öllum. Einnig er Teams hugbúnaðarforrit nýtt fyrir fundi, kennslustundir og hópastarf þegar sóttvarnarreglur takmarka samkomufjölda á COVID19 tímum.

Viðhorf kennara gagnvart námsgögnum er breytilegt eftir námsgreinum. Sumir telja allt of lítið framboð af námsefni og að það sé of gamalt og úrelt á meðan að aðrir eru ánægðir með námsbækur og nýtt rafrænt námsefni. Af alls 56 áföngum sem kenndir eru á haustönn 2021 er námsbók tilgreind í Innu í 44 áföngum en kennari gefur sjálfur upp námsefni í 12 áföngum. Mjög góð aðstaða er fyrir verklega kennslu í líffræði og efnafræði en sérstofu vantar í eðlisfræði með viðeigandi tækjabúnaði. Ný og mjög góð tæki eru í málmsmíðum og verið er að byggja upp góða tækjaaðstöðu fyrir rafiðnir. Gott samstarf er við stjórnendur um tækjakaup.

Rúmlegt Bókasafn er við skólann með góðu vinnurými fyrir nemendur og kennarar geta þangað þangað bækur sem þau þurfa fyrir kennslu og nám nemenda. Nemendur eru sérstaklega ánægðir með tvö lokuð vinnurými sem ætluð eru fyrir hópvinna nemenda og nýting þeirra er mjög góð. Á Bókasafninu geta nemendur fengið lánaðar tölvur til afnota í skólanum.

## Stuðningur við nemendur

---

Við nemendabjónustu Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum starfar einn ráðgjafi í 70% starfi og sálfræðingur kemur annan hvern föstudag og tekur nemendur í viðtöl kl. 8:00-12:00. Nemendum er vísað til sálfræðingsins af ráðgjafa og getur hver nemandi fengið tvö til þrjú viðtöl hjá sálfræðingnum. Hjá nemendum kom fram ánægja með ráðgjafabjónustuna.

Ráðgjafinn hefur ekki starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi en hefur kennsluréttindi á grunnskólastiginu. Ráðgjafinn veitir nemendum almenna ráðgjöf um nám sitt og einkalíf. Ráðgjafinn sinnir einnig ýmsum öðrum verkefnum í skólanum þ.e. forvarnarfulltrúi, umsjón með Íþróttakademíu með ÍBV, umsjón með útskriftarnemendum, tengiliður við könnunina Ungt fólk og í sjálfsmatshópi skólans.

Íþróttakademían er samstarfsverkefni milli Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og Íþróttabandalags Vestmannaeyja sem byrjaði fyrir níu árum. Nemendur sem æfa og keppa í meistaraflokki í handbolta og fótbolta stendur til boða að taka þátt í Íþróttakademíunni í fjórar annir og fá það nám metið sem áfanga í frjálsum vali á sinni námsbraut. Á haustönn 2021 eru 24 nemendur í Íþróttakademíunni. Þetta er blanda af verklegu og bóklegu námi í íþróttum og gerir hver nemandi samning um að stunda heilbriggt lífverni án áfengis- og vímuefnaneyslu. Þetta telja bæði starfsfólk og nemendur að styðji vel við forvarnarstarf skólans og mikla þátttöku í „edrupottinum“ í viðburðum á vegum nemendafélagsins. Mikil þátttaka í Íþróttakademíunni endurspeglar sterka íþróttamenningu í Vestmannaeyjum.

Þeir nemendur sem fá slæma niðurstöðu úr Vörðu, annarmati, þ.e. S í tveimur eða fleiri námsgreinum eru boðaðir í viðtal ásamt forráðamönnum ef undir 18 ára aldri. Þeim er boðinn stuðningur við heimanám á bókasafninu, fyrst tveir 60 mínútna stuðningstímar með kennurum og mögulega fleiri eftir þörfum hvers og eins.

Markmið með umsjón með nemendum er að stuðla að betra námsgengi og líðan nemenda og stuðla þannig að minna brotthvarfi nemenda úr námi. Umsjónarkennarar fylgjast með námi og ástundun nemenda, gegna eftirlitshlutverki gagnvart námsframvindu nemenda, taka einkaviðtal einu sinni á önn og funda með umsjónarhópnum sínum nokkrum sinnum á önn. Á haustönn 2021 eru alls átta umsjónarkennarar með



nemendum og fá þeir greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt stofnanasamningi skólans. Ráðgjafi hefur einnig umsjón með útskriftarefnum.

### **Styrkleikar:**

- Fjölbreytt námsframboð, sérstaklega í ljósi nemendafjölda skólans
- Sveigjanlegt námsframboð sem mætir þörfum bæjarsamfélagsins
- Fjarnám í boði fyrir nemendur alls staðar af landinu
- Útskrift nemenda á hverri önn
- Skólanámskrá í einu skjali á heimasíðu skólans
- Faglegt sjálfstæði kennara í starfi
- MAS fundir vikulega um þróunarstarf kennara
- Góð hæfni kennara í upplýsingatækni
- Allir nýta námsumhverfi Innu og Teams og er ánægja með þau kerfi
- Ánægja nemenda með hópinnuáðstöðu á Bókasafni FÍV

### **Tækifæri til umbóta:**

- Fjölga iðngreinakennurum með kennsluréttindi
- Finna þarf leiðir til að gera kennsluréttindanáms í fjarnámi aðlaðandi fyrir starfandi iðngreinakennara í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Háskóla Íslands
- Setja þarf fram skýra stefnu um kennsluhætti og námsmat
- Skýra mörk á milli kennsludaga og námsmatsdaga og birta á skóladagatali
- Fá ytri ráðgjöf frá Háskóla Íslands um innleiðingu leiðsagnarmats
- Sækja um aðild að Erasmus+ samningi 2021-2027 fyrir námsferðir starfsfólks

## Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

## Skólabragur og líðan

Skólabyggingin á sér langa sögu (fyrsta framlag til byggingarinnar kom árið 1946) og ber að utan með sér eldri tíma en þegar inn er komið er skólinn hlýr og bjartur. Skólabragurinn er góður og afslappað yfirbragð yfir öllum, nemendum og starfsfólki. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæði nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum sem í eru rúmlega tvö hundruð nemendur að jafnaði. Skólastjórnendur telja að langstærstur hluti hvers árgangs sem útskrifast úr grunnskóla hefji nám í skólanum. Einungis fáir leiti upp á fastalandið og þá af því þau vilja fara í ákveðna skóla og eru tilbúin að flytja þangað. Viðmælendur okkar, bæði úr verk- og bóknámi voru ánægð með skólann. Hann byði upp á fjölbreytt nám og góða kennara. Nýnemahópur hvers árs þekktist vel eftir grunnskólagöngu og því fylgdi ákveðið öryggi og gott bakland þegar þau hæfu nám á þessu skólastigi. Í viðtölum við skólastjórnendur og kennara kom þetta einnig fram. Nýnemarnir sem kæmu inn dreifðust kannski á brautir en þau héldu vel utan um hvert annað. Í viðtölum við nemendur kom fram að í svona litlum skóla þekktust allir, flestir væru í einhverjum tímum saman og það gerði það að verkum að auðvelt væri að setjast hvar sem er þó svo bestu vinirnir væru ekki þar. Skólastjórnendur gera einnig sitt til þess að enginn verði skilinn útundan með því að skipuleggja húsgögn á sameiginlegum rýmum þannig að ekki er auðvelt að búa til litla lokaða hópa. Þetta er gert m.a. með því að keyptir hafa verið langir sófar sem fylla vel upp í rýmið. Mikil hlýja einkenndi umræður allra um nemendahópinn í heild. Engu að síður koma upp erfiðleikar hér sem í öðrum skólum og á síðasta ári þurftu skólastjórnendur að taka á einu dæmi um einelti. Málið var leyst innan skólans. Fylgst er með líðan nemenda með Framhaldskólapúlslinum sem lagður hefur verið fyrir á tveggja ára fresti. Ráðgjafi sér um að leggja skólapúlslinn fyrir og með góðri eftirfylgni hefur henni tekist að fá mjög góða svörun undanfarin ár. En nú á meðan COVID19 faraldur geisar tekur skólinn árlega þátt í Framhaldskólapúlslinum. Í heild er líðan nemenda góð og ívið betri en mælist á landinu öllu. Færri strákum leiðist námið 2020 en 2018 en örlítil aukning hefur orðið hjá stelpum. Í heild virðist þeim leiðast námið minna en jafnöldrum þeirra á landinu öllu. Færri strákum líður illa í skólanum en stelpum og eru stelpurnar á pari við jafnöldrum á landinu en færri

strákum líður illa en á landinu öllu. Engu að síður er alltaf einhver hópur sem þarfnast aðstoðar vegna kvíða eða annarra andlegra veikinda. Til þess að bregðast við því var ráðinn sálfræðingur í hlutastarf við skólann. Sálfræðingurinn er til viðtals fyrir hádegi tvo föstudaga í mánuði. Ráðgjafi sér um milligöngu vegna fyrsta viðtals en gert er ráð fyrir þrem til fimm viðtölum áður en vísað er annað. Lítil reynsla er komin á þetta samstarf en ráðgjafi telur þetta mikla framför í þjónustu við nemendur.

Í heildina virðist stærri hluti nemenda skólans líta bjartsýnum augum til framtíðar árið 2020 en 2018 og er það öfugt við nemendur á landinu í heild. COVID19 faraldurinn virðist því hafa aukið bjartsýni nemenda skólans enda kom fram í viðtölum við nemendur að viðbrögð skólans við lokunum hafi verið vel heppnuð. Nemendur fylgdu stundaskránni í fjarnámi. Voru í stöðugu sambandi alla daga við hvert annað sem og kennara. Nemendur telja það aðhald hafi gert gæfumuninn og að þau hafi jafnvel stundað námið betur á þeim tíma. Færra hafi keppt um tíma þeirra og gott aðhald hafi haldið þeim að verki. Þetta er í samræmi við niðurstöður *Framhaldsskólalapsins* þar sem fram kemur að nemendum finnist aukinn stuðningur hafa verið af kennurum árin 2019 til 2021 samanborið við árin 2015 og 2017. Nemendur eru einnig í heildina mjög ánægðir með aðgang að kennurum (60% mjög ánægð í Ungt fólk 2020). Álag og lokanir vegna COVID19 faraldurs hafa því haft jákvæð áhrif á upplifun nemenda á því hversu mikinn stuðning þau fá frá kennurum. Hér er kjörið tækifæri til þess að kryfja betur hvað gerðist og hvernig viðhalda má þessum jákvæðu niðurstöðum.

Vel hefur tekist hjá skólanum að draga úr neikvæðum áhrifum COVID19 faraldurs á líðan nemenda. Í könnuninni *Ungt fólk* frá 2020 kemur fram að miðað við landið allt telja nemendur skólans sig hafa upplifað litla aukningu á streitu vegna COVID19.

Í viðtölum við ráðgjafa og nemendur kom fram að álagið í skólanum sé oft mikið. Þetta sé m.a. vegna styttingar náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár. Sérstaklega eigi þetta við um nemendur sem stundi íþróttir sem fylgja mikil ferðalög. Stærsti hluti nemenda lýkur námi á þremur árum og telja nemendur helstu ástæðu þess að þau vilja ekki missa af sínum árgangi. Þau gætu hins vegar alveg nýtt og notið lengri tíma í framhaldsskóla. Nemendur tala um að stytting náms til stúdentsprófs hafi líka stytta tímenn sem þau hafa til þess að þroskast saman áður en hópurinn tvístrast. Á svæði þar sem háskólanám kallar oftast á flutning upp á fastalandið má búast við að eftir framhaldsskóla dreifist hópurinn. Þarna er líka enn þá munur á bók- og verknámi. Verknámið hefur ekki verið stytta og því álagið jafnara þar.

Fjórar vörður eru á hverri önn. Þá gefa kennarar umsagnir og mæting er skoðuð. Niðurstaðan er aðgengilegar forráðamönnum nemenda undir 18 ára í Innu. Að lokinni hverri vörðu setjast skólameistari,

aðstoðarskólameistari og ráðgjafi saman og skoða niðurstöður þeirra sem lakast standa og virðast þurfa aðstoð og hvatningu til þess að námið í skólanum verði þeim að gagni. Í þeim tilfellum þegar nemendur fá slæma niðurstöðu í fyrstu tveimur vörðunum eru forráðamenn kallaðir til viðræðna og nemendum boðinn stuðningur. Stuðningurinn felst í byrjun í því að nemendum eru boðnir tveir 60 mínútna stuðningstímar með kennurum á bókasafni skólans. Fylgst er síðan áfram með framvindu náms þeirra og þeim boðinn meiri stuðningur ef þarf. Með þessu telja stjórnendur og ráðgjafi að þeim takist að minnka fall í einstökum áföngum og um leið brotthvarf úr skólanum. Markviss vinna á mörgum sviðum við að draga úr brotthvarfi undanfarin ár hefur skilað lágum brotthvarfstólum eða milli 3% og 4% árið 2020.

## Félagslíf nemenda

---

Nemendastjórn NFFÍV er skipuð sjö nemendum og er kynjaskipting jöfn, fjórar konur og þrjár karlar. Formaður er karl en varaformaður kona. Í stjórninni er fulltrúi nýnema og íþróttafulltrúi enda mikil tengsl og samvinna við íþróttafélög á staðnum. Nemendur og nemendafélagið hefur til afnota herbergi sem betur hefur verið nýtt af strákum skólans síðustu ár. Þau telja að það muni breytast. Þau nýta hins vegar herbergi á bókasafninu til fundahalda í stjórn félagsins enda mjög ánægð með þá fundaraðstöðu. Nemendur tala þó um að stækka þurfi félagsaðstöðuna og hafa rætt við stjórnendur um vegg sem megi fjarlægja til þess að koma því í framkvæmd. Ráðgjafi skólans er forvarnarfulltrúi skólans og í heilmiklu samstarfi við nemendafélagið. Aðstoðarskólameistari er hins vegar tengiliður milli stjórnenda og nemendafélags.

Erfitt hefur verið fyrir nemendur að halda úti félagslífi á tímum COVID19. Á meðan lokanir voru sem mestar var félagslífið bundið við netviðburði s.s. net „pubquiz“. Mikið var lagt í þá viðburði og þátttaka mjög góð. Í viðræðum við forkólfa nemendafélagsins kom fram að nú væri verið að setja hlutina af stað aftur og hefði t.d. verið haldið mjög fjölmennt fótoltamót í byrjun annar. Í samræðum við nemendur kom fram að ballmenning er ekki mikil og hafa hefðbundin framhaldsskólaböll að mestu lagst af. Vel heppnuð árshátíð var haldin síðastliðið vor þar sem hópurinn borðaði saman en ekki mátti dansa. Rétt náðist að halda þessa samkomu áður en sett var á samkomubann daginn eftir. Þau stefna á að halda árshátíð aftur að vori en vonast til þess að þá verði dans leyfður. Ein ástæða þess að ballmenning er lítil sem engin er hversu íþróttir eru ráðandi hluti af skóla- og bæjarlífinu. Stór hluti nemenda stundi íþróttir og ball á fimmtudegi fari ekki saman við keppnisleiki um helgar. Hér spilar líka inn í að nemendur Íþróttakademíu skólans (í samvinnu við íþróttafélög) skrifa undir samning um heilsusamlegt líferni þar sem áfengisdrykkja er bönnuð.

Áhugavert er að sjá að áfengisneysla nemenda sem eru yngri en 18 ára, af báðum kynjum, hefur minnkað meira hjá nemendum skólans undanfarin ár en hjá nemendum almennt á Íslandi. Það eru helst stelpur

eldri en 18 ára sem halda í við kynsystur sínar á fasta landinu. Hugsanlega er þetta vegna minni þátttöku stelpna í íþróttum á seinni hluta námsins meðan strákar á sama aldri haldast betur í keppnisíþróttum. Sömu þróun má sjá þegar skoðuð eru önnur vímuefni. Staða forvarnarmála í skólanum er betri en að meðaltali hjá öðrum framhaldsskólum. Skólinn er með næstlægsta hlutfall nemenda þegar kemur að áfengisnotkun nemendahópsins og einungis 1% reykir daglega árið 2020. Í heildina er umræðan um forvarnarmál mikil í skólanum og áhrif íþróttar og íþróttakademíunnar mjög jákvæð.

Árshátíð nemendafélagsins er á hverju vori þó síðasta árshátíð hafi verið með mjög óhefðbundnum hætti þ.e. einungis var sitjandi borðhald en bannað að dansa. Er það kannski lýsandi fyrir hvernig allt hefur verið með breyttu sniði vegna COVID19.

Í viðtölum segja nemendur að félagslífið í skólanum hafi batnað síðan matbúðin var opnuð. Fólk fer ekki eins mikið út fyrir skólann í pásam en sitji frekar í salnum og borði. Nemendur eru ánægðir með matinn sem er á boðstólum. Stjórnendur segja að fyrirkomulag matbúðar sé í skoðun og að meiri opnun komi með aukinni eftirspurn. Útskriftarefni hafa verið í samstarfi um sjoppuna en fámennið stendur opnun fyrir þrifum. Gæti breyst á vorönn þegar hópurinn er stærri.

## Önnur samskipti

---

Samskipti við foreldra/forsjáaraðila yngri nemenda eru góð og fá þeir umsögn frá hverjum kennara fjórum sinnum á önn þegar vörður eru birtar á Innu. Virkt foreldrafélag er ekki starfandi við skólann en stjórnendur telja að í svo litlu samfélagi sé það minna áriðandi þar sem allar samskiptaleiðir eru stutta. Stuðningur og aðhald frá foreldrafélagi er hins vegar mikilvægur þáttur í skólastarfi og matsmenn telja að þar þurfi að bæta úr.

Skólinn er í nokkru samstarfi við grunnskóla á upptökusvæðinu og hafa kennarar ýmissa greina hafið vinnu við að kynna sér betur námsefni grunnskólans. Skólinn hefur komið á góðu samstarfi við fyrirtæki á svæðinu vegna starfsnáms nemenda á starfsbraut.

Starfsmenn skólans eiga einnig í heilmiklu óformlegu samstarfi við framhaldsskóla á svæðinu. Sem dæmi voru starfsmenn stoðbrautar nýkomnir úr ferð til Framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) á Höfn í Hornafirði þar sem þeir deildu þekkingu sinni á kennslu á starfsbraut FÍV til kollega sinna á Höfn.

Nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum geta stundað fjarnám í öðrum skólum svo sem Menntaskólanum á Egilsstöðum. Nokkuð er um að nemendur nýti sér þetta. Skólinn tekur þátt í samstarfi tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni sem bjóða upp á fjarnám í gegnum Fjarmenntaskólann. Eins og segir

á heimasíðu Fjarmenntaskólans er markmið samstarfsins að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og landinu öllu. Þetta samstarf nýtist bæði nemendum skólanna og skólunum sem geta þá haldið úti kennslu áfanga sem annars væru of fámennir.

Lítið sem ekkert samstarf er við skóla á háskólastigi. Matsmenn telja að úr því þurfi að bæta. Tilkoma þekkingarseturs Vestmannaeyja gefur aukna möguleika á samstarfi á sviði sjávarlíftækni.

### **Styrkleikar**

- Góður skólabragur
- Samheldinn nemendahópur
- Almennt góð líðan nemenda
- Góðar forvarnir gegn áfengisneyslu, reykingum og neyslu annarra vímuefna
- Árangursríkt samstarf við ÍBV um Íþróttakademíu Vestmannaeyja
- Upplýsingar um framvindu í námi berast jafnt og þétt til foreldra/forsjáraðila yfir önnina
- Auðvelt fyrir foreldra/forsjáraðila að fylgjast með námi barna sinna
- Mikil samheldni í litlu samfélagi þar sem upplýsingar berast hratt
- Gott samstarf við fyrirtæki á svæðinu vegna starfsnáms starfsbrautarnemenda

### **Tækifæri til umbóta**

- Stofnun virks foreldrafélags
- Stækka þyrfti aðstöðu nemendafélags og tryggja aðgang allra kynja að aðstöðunni
- Efling á félagslífi nemenda
- Auka samstarf við háskóla

## Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Húsnæði og búnaður

Skólinn er að mestu byggður upp úr 1950 en bætt hefur verið við hann á síðustu árum. Hann stendur á fallegum stað í bænum við Dalaveg 2 og er útsýni frá skólanum mikið og fallegt. Skólahúsnæðið er í heild 3.172m<sup>2</sup> og þar af eru 918m<sup>2</sup> kennslurými. Skólinn er á sex hæðum eða pöllum og lyftuaðgengi að þeim öllum þó flestir nýti stigaganga til þess að komast á milli hæða. Skólahúsnæðið er vinalegt, bjart og fallega skreytt. Á fjórðu hæðinni er skólaskrifstofa, stjórnunar og stoðþjónusta, kaffistofa starfsmanna og hluti kennslustofa í bóknámi. Á þriðju hæðinni er bókasafn, lestraraðstaða, hópvinnuherbergi og vinnurými sem nýtt er undir listkennslu og lestrar- og vinnurými fyrir starfsfólk og nemendur eins og segir á heimasíðu skólans. Á annarri hæð er hátíðarsalur og inn af honum matbúð. Á hæðinni er einnig félagsaðstaða nemenda og kennslustofur. Á fyrstu hæð eru raungreina-, rafmagnsfræði-, starfsbrautarstofa, kennslueldhús og stór véla- og verknámssalur. Rúmgóð vinnuaðstaða kennara á fimmtu hæð og á sjöttu hæð er fundarherbergi og geymslurými. Íþróttaaðstaða er svo í Íþróttahúsi Vestmannaeyja í tíu mínútna göngufæri frá skólanum. Þó starfsemi skólans sé dreifð á margar hæðir er starfseminni dreift þannig um skólann að á fyrstu fjórum hæðunum er líf og fjör. Gott aðgengi að stjórnendum, sérstaklega að skólameistara sem er með skrifstofu beint á móti stiganum sem tengir hæðirnar saman.

Mikið hefur verið lagt upp úr að skólahúsnæðið sé hlýlegt og að nemendur geti hreiðrað um sig í sófum víðs vegar um skólann. Skólameistari lagði áherslu á að lagt væri upp með það að sófar væru langir og fylltu gjarnan út í horn eða útskot. Þetta væri gert svo auknar líkur væru á að nemendur blönduðust og engum fyndist hann sitja einn í frímínútum. Hátíðarsalur á annarri hæð í suðurenda skólans er fjölnota salur og hafa nemendur að jafnaði aðgang að honum allan daginn. Þar eru matar og vinnuborð og þægileg sæti. Inn af salnum er lítil matbúð sem selur samlokur, drykki og annað nasl. Matbúðin er opin á morgnana. Í skólanum er ekki mötuneyti og skýrir skólameistari það m.a. með því að löng hefð sé fyrir því að nemendur fari heim í hádegishléi sem er 50 mínútur. Matbúðin er ekki formlega opin í hádeginu en nemendur geta

leitað til stjórnenda ef þeir vilja fá að kaupa samlokur eða drykki. Það kemur reglulega fyrir. Í viðtölum við nemendur kom fram að einhver hópur nemenda fer ekki heim heldur í bakarí sem er nálægt. Þau telja að flestir eigi auðvelt með að komast heim í hádegi. Ef þeir hafi ekki bíl sjálfir geti þeir yfirleitt fengið ferð. Á sama tíma tala þau um að skólinn sé líflegri eftir að matbúðin var opnuð og að það ýti undir að nemendur sitji saman í frímínútum og hádegi. Huga þarf að því að lengja opnunartímann fyrir þau sem ekki fara heim og skoða þörf fyrir mötuneyti. Nemendur hafa aðgang að mötuneyti í grunnskóla og til framtíðar þyrfti að huga að breyttum samfélagsháttum og stækkandi bæ. Vegalengdir til ystu marka byggðar hafa lengst.

Húsgögn eru flest ný eða nýleg og við endurnýjun var lögð áhersla á að þau væru hugsuð fyrir fjölbreyttar kennsluaðferðir. Því eru kennsluborðin mismunandi að lögun og hægt að setja þau saman á fjölbreyttan hátt til þess að auðvelda hópvinnu og umræður. Kennslustofur eru bjartar og vel búnar. Í þeim eru hljóðnemakerfi sem dreifa töluðu orði vel um stofuna og vernda raddir kennara. Sérstök tölvustofa er óþörf þar sem nemendur koma með eigin fartölvur en geta fengið tölvur að láni hjá skólanum ef þarf.

Bókasafnið er ágætlega búið bókum og þar vinnur bókasafnsfræðingur, nemendum og kennurum til aðstoðar. Á bókasafninu er ein kennslustofa og vinnuherbergi sem nemendur geta nýtt til hópvinnu. Lýstu nemendur sérstakri ánægju með þessi vinnuherbergi sem þau nýta mikið. Mjög gott sé að geta unnið í hópum án þess að trufla aðra. Einn veggur herbergisins er úr gleri og er gjarnan nýttur sem vinnutafla.

Raungreinastofa er ágætlega útbúin til verklegrar kennslu í líffræði og efnafræði með tækjum, smásjám og stinkskáp. Tilraunastofu fyrir eðlisfræði vantar. Rafmagnsfræðistofa er einnig nokkuð vel útbúin og er í uppbyggingu. Aðstaða starfsbrautar er rúmgóð og björt. Þau hafa not af skólaeldhúsi sem mikið er nýtt við þjálfun í daglegum störfum. Það er einnig vinsæll viðkomustaður annarra nemenda þegar starfsbrautarnemendur baka eins og t.d. fyrir jólin þegar þau baka jólasnákökur.

Núvitundar og jógastofa var útbúin í skólanum til afnota fyrir nemendur og starfsfólk. Stofan er mest notuð til kennslu í jógaáföngum en opin til notkunar fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja stunda núvitund eða jóga. Stofan hefur lítið verið í notkun undanfarið vegna COVID19 faraldurs.

Kennsla í verknámsgreinum er í velútbúnum stofum á fyrstu hæð skólans. Auk véla og tækja sem skólinn hefur fjárfest í hefur skólinn notið velvildar fyrirtækja sem gefið hafa vélar og styrkt kaup á sérhæfðum tækjum. Í vélasalnum er einnig vél sem hægt er að tengja inn á rafkerfi bæjarins í neyð og nýtist því bænum sem varafstöð, sjá mynd 8. Enn eitt dæmið um hve skólinn er tengdur inn í samfélagið í heild.





### **Mynd 8 Varaafstöð í vélasalnum í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum**

Á göngum og í flestum útskotum eru sófar fyrir nemendur. Sófarnir eru látnir fylla vel út í svæðið sem þeir eru hluti af og er það meðvituð aðgerð stjórnenda til þess að hrista nemendahópinn saman, til þess að minnka hópmyndun og auka líkur á að enginn nemandi sitji einn. Samkomusalur skólans er útbúinn borðum, stólum og sófum og er opinn nemendum allan daginn. Í morgunkaffi er hægt að kaupa samlokur, drykki og fleira. Opnað hefur verið eitt ókyngreint salerni en önnur eru kyngreind enn sem komið er.

Félagsaðstaða nemenda utan sameiginlegra rýma skólans er á annarri hæð. Þar eru mjúkir sófar og risastórt sjónvarp. Hefð er fyrir því að strákar hafi þetta herbergi fyrir sig. Stelpur sem við ræddum við sögðu að þetta væri bara hefð og ekkert bannaði þeim að vera þar inni en það væri ekki árennilegt þegar herbergið væri fullt af einungis strákum. Þó stelpurnar beri sig vel er þetta eitthvað sem þyrfti að breyta svo öll kyn geti nýtt herbergið. Stjórnendur sjá einnig möguleika á því að stækka þessa aðstöðu nemenda með framkvæmdum þar sem veggur væri rifinn og herbergið stækkað. Það gæti verið kærkomið tækifæri til þess að rjúfa þessa hefð.

Kennarar eru með góða vinnuástöðu á fimmtu hæðinni. Þar hafa þeir hver rúmgott borð, fleiri en einn skjá og aðstöðu til þess að prenta eða ljósrita það sem þarf. Í viðtölum kom fram að kennarar eru ánægðir

með aðstöðuna og að vel sé brugðist við beiðnum þeirra um það sem þau vanhagar um. Einnig kom fram að kennarar eru hvattir til þess að kynna sér og nýta nýjustu tækni. Mikil ánægja er með fundaraðstöðuna á sjöttu hæðinni sem nýtist til margvíslegra funda. Skrifstofur stjórnenda, fjármálastjóra og ritara, ráðgjafa og umsjónarmanns fasteignar fá góða umsögn þeirra sem þær nýta. Nemendum finnst þægilegt að hægt sé að ganga að flestum þessum starfsmönnum á fjórðu hæðinni.

### **Styrkleikar**

- Vel útbúið og hlýlegt skólahúsnæði
- Vel útbúnaðar kennslustofur
- Húsgögn í kennslustofum ýta undir fjölbreytta kennsluhætti
- Fjölbreytt og vel útbúið bókasafn
- Fjölbreytt vinnurými fyrir nemendur m.a. hópinnuherbergi á bókasafni
- Góð vinnuaðstaða kennara

### **Tækifæri til umbóta**

- Koma upp verklegri stofu fyrir eðlisfræði
- Auka aðgengi nemenda að hollum mat
- Koma þyrfti upp vísi að mötuneyti eða aðstöðu til þess að selja mat í hádegishléi
- Stækka aðstöðu nemenda utan sameiginlegra rýma og gera svæðið aðgengilegt öllum kynjum

## Umfjöllun um lykilárangur

### Námsárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á árangri skólastarfsins má m.a. mæla út frá tölulegum mælikvörðum um brotthvarf og útskriftarhlutfall nemenda sem skólinn setur sér markmið um í þriggja ára stefnumiðaðri áætlun til menntamálaráðuneytisins 2021-2023.

Markmið skólans er að minnka brotthvarf. Brotthvarf hefur minnkað töluvert á síðustu árum eins og kemur fram í töflu 7 í þessari skýrslu og var það 2,9% á vorönn 2021 en var 5,5% á vorönn 2017. Skólinn hefur gripið til ýmissa aðgerða til að minnka brotthvarf nemenda sem hafa reynst árangursríkar t.d. að auka stuðning við nemendur sem koma illa út í námsmati í Vörðum bæði varðandi heimanám og áfangaval, umsjón með nýnemum, aukna áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, góða nýtingu á námsumhverfi Innu, félagslíf nemenda styrkt, bætt námsumhverfi með nýjum húsgögnum í kennslustofur og vinnuherbergi fyrir hópvinnu nemenda.

Markmið skólans er að fjölga nemendum sem útskrifast á réttum tíma. Meðalnámstíminn á stúdentsbraut samkvæmt nýrri námskrá sem miðaður er við þriggja ára nám sveiflast frá 3,14 ár til 3,66 ár frá 2017 til 2021. Námsskipulagið miðast við þrjú ár en ekki er lagt hart að nemendum að ljúka stúdentsprófinu á þremur árum og getur það gagnast nemendum vel, sérstaklega þeim sem stunda mikið íþróttir, að klára námið á þremur og hálfu ári. Námstími í iðngreinum er áfram fjögur ár en sjúkraliðanámi er þrjú ár. Einhverjar sveiflur eru á námstíma í iðnnámi og sjúkraliðanámi en þær eru einstaklingsbundnar og erfitt að leggja mat á þær á þessum tíma vegna COVID19.

### Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Á heimasíðu skólans í kafla 10 í Skólanámskrá og í hverri brautalýsingu kemur fram hvernig skólastarfið byggir á grunnþáttum

menntunar. Í umræðum í rýnihópum og viðtölum við starfsfólk kom fram að áhersla er lögð á grunnþættina almennt í skólastarfinu og í öllum kennslugreinum. Einnig er einn grunnþáttur hafður í fyrirrúmi á hverju skólaári og í ár er það næring sem hluti af heilbrigði og velferð. Horft er á að efla næringu eftir COVID19 m.a. með því að opna Matstofu fyrir nemendur þar sem seldar eru samlokur, ávextir og hollir drykkir. Ekki hafa verið gerðar sérstakar mælingar á hæfni nemenda tengdum grunnþáttum menntunar en skólinn metur það svo að nemendur hafi tileinkað sér þá og styðja matsmenn þá niðurstöðu. Áhersla er lögð á læsi, tjáningu og samskipti í verkefnavinnu nemenda í öllum námsgreinum. Í lokaverkefni nemenda reynir á upplýsingalæsi og sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð. Í bóknáminu er einn áfangi í listum skylda fyrir alla nemendur. Áhersla er á lýðræðisleg samskipti innan skólans bæði í námi og félagslífi m.a. í samstarfi milli skólans og ÍBV um Íþróttakademíuna þar sem sérstök áhersla er lögð á heilbrigða lífshætti. Skólinn hefur sett sér forvarnarstefnu og er með forvarnarfulltrúa. Áhersla er lögð á umhverfisvernd í skólastarfinu og metnaðarfull aðgerðaráætlun í umhverfis- og lofslagsmálum og þátttaka í Grænum skrefum í ríkisrekstri. Skoða mætti möguleika skólans á þátttöku hans í Grænfánaverkefni Landverndar til að auka þátttöku nemenda í umhverfisvernd innan skólans. Varðandi grunnþáttinn jafnrétti þá er áhersla á blöndun nemenda á Starfsbraut við nám nemenda á öðrum námsbrautum, samskipti allra í frímínútum og þátttöku allra nemenda í félagslífi nemenda. En val nemenda á námsbrautum endurspeglar mjög hefðbundna kynjaskiptingu og þarf skólinn að halda áfram og efla kynningarátak í grunnskólanum um að allar námsbrautir séu fyrir bæði eða öll kynin. Einnig þarf skólinn að gera félagsaðstöðu nemenda aðgengilega fyrir alla nemendur eins og rætt var um í kaflanum um húsnaði skólans. Gagnvart starfsfólki leggur skólinn áherslu á jafnréttismál kynjanna og er kominn með jafnlaunavottun og jafnlaunakerfi með áætlun um innri úttektir á því kerfi.

## Langtímaárangur

---

Skólinn hefur ekki gert kannanir á gengi útskrifaðra nemenda skólans og því er alls ekki ljóst hvernig námið nýtist í háskólanámi, hversu margir hafa útskrifast úr háskólanámi og hvernig iðnnámið og sjúkraliðanámið nýtist í starfi á vinnumarkaðinum í Vestmannaeyjum sem og annarsstaðar. Skólinn þarf nauðsynlega að bæta sem fyrst úr þessu og gera reglulega könnun á því bæði með gögnum frá Hagstofu Íslands og ítarlegri könnun sem nái til sem flestra útskrifaðra nemenda.

Skólinn leggur áherslu á að laga sig að breyttum kröfum í samfélaginu og sérstaklega að sinna þörfum atvinnulífsins og samfélagsins í Vestmannaeyjum á hverjum tíma með öflugum skólastarfi og fjölbreyttu og breytilegu námsframboði í iðngreinum. Einnig hefur skólinn lagað sig að breyttum kröfum m.a. með

Þátttöku í grænum skrefum í ríkisrekstri, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, jafnlaunavottun og innleiðingu ISO gæðakerfisins vorið 2022.

### **Styrkleikar**

- Brotthvarf nemenda hefur minnkað
- Samstarf skólans og ÍBV um Íþróttakademíuna
- Lokaverkefni nemenda á stúdentsbraut
- Þátttaka skólans í Grænum skrefum í ríkisrekstri
- Áhersla á grunnþætti menntunar í skólastarfinu

### **Tækifæri til umbóta**

- Efla kynningarátak í grunnskólanum um jafnrétti í námsvali kynjanna
- Skoða möguleika á þátttöku skólans í Grænfánaverkefni Landverndar
- Auka mætti tengsl við háskóla m.a. í þeim tilgangi að fá upplýsingar um námsgengi nemenda á háskólastiginu
- Gera reglulega könnun meðal brautskráðra nemenda og skoða afdrif þeirra í námi og starfi

## Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.
- Aðgerðaáætlun í framhaldi af síðasta ytra mati. <https://www.fiv.is/static/files/st/urbaetur.pdf>
- Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2020. <https://www.fiv.is/static/files/Arsskyrslur/loka2020>
- Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2019. <https://www.fiv.is/static/files/Arsskyrslur/fiv-arsskyrsla2019-lok.pdf>
- Framhaldsskólapúlsinn 2019 - 2020. Heildarniðurstöður. 2020. Reykjavík: Skólapúlsinn.
- Gæðahandbók Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. <https://quality.ccq.cloud/dashboard-for-clients?organizationID=rkn2mjPgTff3WFtq5>
- Lög um framhaldsskóla. Nr. 92 12. júní 2008. (2008). Reykjavík: Alþingi. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>
- Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir (2010). Stefnumiðað árangursmat hjá tveimur íslenskum fyrirtækjum. HÍ <http://hdl.handle.net/1946/6287>
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við kennara, nemendur, starfsfólk sem sinnir skrifstofu, bókasafni, húsvörslu og fjármálum, umsjónarmann og stuðningsfulltrúa á starfsbraut, formann og fulltrúa úr stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa og að lokum við sjálfsmatshóp. (26.-27. október 2021).
- Sjálfsmatsáætlun 2021-2023. <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/4SipLDisP4sKo7h95>
- Sjálfsmatskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2020-2021. <https://www.fiv.is/static/files/sjalfsmat/sjalfsmatfiv2020-2021.pdf>
- Sjálfsmatskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2019-2020. <https://www.fiv.is/static/files/st/sjalfsmat2019-2020.pdf>
- Skipurit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. <https://quality.ccq.cloud/document/654845623c79b00715486d97>
- Skóladagatal Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 2021-2022. <https://www.fiv.is/static/files/2021/skoladagatal.pdf>
- Skólanámskrá Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/EEfKXrfKTANPFbJMY>
- Stefnuskjal Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. [https://www.fiv.is/static/files/2021/snidmat-stefnumotun-rikisadila\\_2021-2023-fiv-endurskodad.pdf](https://www.fiv.is/static/files/2021/snidmat-stefnumotun-rikisadila_2021-2023-fiv-endurskodad.pdf)

- Stefnuskra Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.  
<https://quality.ccq.cloud/publishDocument/6uuAQc5PS3FFjrxYo>
- Steinunn Ósk Arnarsdóttir (2011). Stefnumiðað árangursmat. HA <http://hdl.handle.net/1946/8669>
- Tölulegar upplýsingar frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Ungt fólk. Lýðheilsa framhaldsskólanema. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 20. (2020). Reykjavík: Rannsóknir og greining
- Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2021). „Við skiptum máli fyrir samfélagið“. Samfélagslegt mikilvægi og flókinsamkeppnisstaða tveggja framhaldsskóla í dreifðum byggðum. *Tímarit um uppeldi og menntun*. 30(2). 2021. 67-87.
- Vefur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum <https://www.fiv.is/>
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, aðstoðarskólameistara, ráðgjafa, fulltrúa foreldra í skólanefnd og formann skólanefndar. (26.-27. október 2021).